



---

# Ársreikningur samstæðu

2013

---

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

---

**Efnisyfirlit****Blaðsíða**

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra	1 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2013	5
Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2013	6
Eiginfjárfirlit samstæðunnar 31. desember 2013	7
Sjóðstremisýfirlit samstæðunnar 31. desember 2013	8 - 9
Skýringar við ársreikning	10 - 78

---

## Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samstæðureikningur Landsbankans hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) fyrir árið 2013 hefur að geyma ársreikning bankans og dótturfélaga (hér eftir „samstæðan“).

Landsbankinn var stofnaður þann 7. október 2008 og er leiðandi banki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum upp á alhliða fjármálaþjónustu.

### Rekstur ársins 2013

Hagnaður samstæðunnar fyrir fjárhagsárið 2013 var 28.759 milljónir króna. Bankaráð leggur til að hluthafafundur samþykki að 70% af hagnaði verði greiddur í arð til hluthafa. Að öðru leyti verður hagnaður lagður við eigið fé bankans. Eigið fé samstæðunnar var 241.359 milljónir í lok árs, þar með talið útistandandi hlutfé að upphæð 23.618 milljónir króna. Eiginfjárlutfall (CAR-hlutfall) samstæðunnar samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki var 26,7% í árslok 2013. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 1.183 í lok árs 2013.

Samstæðan seldi eftirstandandi 25% eignarhlut sinn í fasteignafélaginu Reginn hf. í hlutfjárútboði í júní 2013. Hagnaðurinn af sölu hlutabréfanna nam 4.068 milljónum, en meðalverð tilboða sem þegin voru var 12,52 krónur á hlut.

Í júní 2013 lauk Landsbankinn við fyrstu útgáfu sína á sértryggðum skuldabréfum og voru þau skráð og tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í október 2013. Þetta er fyrsta skráning skuldabréfa sem bankinn gefur út í Kauphöll og er þetta mikilvægur áfangi í að breikka fjármögnunargrunn bankans.

Í janúar 2014 úthlutaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard and Poor's (S&P) bankanum langtíma lánsþæfiseinkunnina BB+ með stöðugum horfum. Mat þetta er einu þrepi lægra en lánsþæfismat ríkissjóðs.

Á árinu 2013 lauk bankinn leiðréttingum á fyrri endurútreikningum á 18.000 lánum sem falla undir fordæmisgildi dóma Hæstaréttar um gengistryggingu erlendra bílalána, húsnæðislána og fyrirtækjalána. Síðan í maí 2013 hefur áhersla verið lögð á endurútreikning á vaxtagreiðslum af bílalánum með gengistryggingu í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013. Dómur Hæstaréttar í þessu máli staðfesti fordæmisgildi fyrri dóma Hæstaréttar frá árinu 2012 þar sem deilt var um endurreikning við ákveðnar kringumstæður. Lokið var við stærstan hluta endurreiknings um og í kringum áramótin 2013.

Árið 2014 hyggst bankinn leiðrétta endurútreikning á 17.000 lánum til viðbótar sem falla undir nýlega dóma Hæstaréttar í málum nr. 430/2013 og 463/2013, þar sem deilt var um efni lánasamninga og endurútreiknings við ákveðnar kringumstæður. Gert er ráð fyrir að lokið verði við endurútreikning í lok fyrri ársheilmings 2014. Gert er ráð fyrir að dómur Hæstaréttar sem vænst er á næstu mánuðum skýri málin frekar.

### Áhættustýring

Grunnaðkoma Landsbankans er traust og hefur batnað síðustu ár. Samfelldar endurbætur á verkferlum stuðla að betri áhættustýringu, skilvirkni og viðskiptatengslum. Eiginfjárgrunnur og lausafjárstaða samstæðunnar er sterk og er hún vel í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru og viðhalda sterki fjárhagsstöðu. Á móti kemur að pólitískt og lagalegt umhverfi á Íslandi, sem og áhættur sem tengjast núverandi gjaldeyrishöftum, stuðla að áframhaldandi óvissu.

Reglulegar afborganir af veðtryggðum skuldabréfum bankans til LBI hf. í erlendri mynt eru verða á árunum 2014-2018. Lausafjárstaða bankans í erlendri var áfram góð í árslok 2013 og samþjöppun gjaldeyrissáhattu er vel innan ásættanlegra áhættumarka. Hins vegar er mikilvægt fyrir bankann að viðhalda sterki lausafjárstöðu í erlendri mynt og að lengja endurgreiðsluferli fjármögnunar í erlendum myntum tímanlega, með endursamningum og endurfjármögnun. Í byrjun október 2013 samþykkti slitastjórn LBI hf. beiðni bankans um að hefja viðræður um mögulegar breytingar á skuldbindingum samkvæmt skuldabréfunum.

Gjaldeyrishöftin takmarka möguleika bankans til að draga úr áhættu vegna gengisbreytinga krónunnar. Samstæðan hefur engu að síður gert ýmsar ráðstafanir til að draga úr heildar gjaldeyrissáhattu og gert er ráð fyrir að gjaldeyrissáhatta verði í framtíðinni innan ásættanlegra marka.

### Horfur

Efnahagslegur bati innanlands var viðvarandi árið 2013. Verg landsframleiðsla jókst þriðja árið í röð og er gert ráð fyrir 2,5% vexti árið 2013. Atvinnuleysi er á niðurlæð, það dró úr verðbólgu og gengi krónunnar hélst nokkuð stöðugt. Gert er ráð fyrir áframhaldandi efnahagsbata næstu ár og 2,3% meðalvexti landsframleiðslu til ársins 2016. Hagfræðideild Landsbankans spáir 3% vexti landsframleiðslu árið 2014 sem drifinn verður jafnt af aukinni fjármunamyndun, útflutningi og einkaneyslu.

Mikla tekjuaukningu milli ára vegna hreinnar virðisbreytingar má rekja til uppgjörsins á skilyrta skuldabréfinu. Fyrir 1. janúar 2013 vó gangvirðisbreyting skilyrta skuldabréfsins að miklu leyti upp á móti hreinni virðisbreytingu útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum. Frá 1. janúar 2013 hafa virðisbreytingar lána komið í hlut bankans en draga mun úr slíkum breytingum innan fárra ára þar sem endurskipulagningu þessara lána mun ljúka. Því þarf að huga að hreinum virðisbreytingum og auknum skattaálögum þegar horft er til varanlegrar arðsemi.

## Annað

Í apríl 2013 gaf bankinn út veðtryggð skuldabréf til LBI hf. að jafngildi 92.000 milljónir króna í erlendri mynt. Bréfin voru gefin út í samræmi við ákvæði uppgjörssamningsins sem undirritaður var í desember 2009 á milli bankans, LBI hf. og ríkisins og í samræmi við ákvörðun Deloitte UK LLP sem óháðs matsaðila á viðbótargreiðslu fyrir eignir og skuldir færðar til bankans frá LBI hf. Við útgáfu sértryggða skuldabréfsins afhenti LBI hf. allan eignarhlut sinn í Landsbankanum til íslenska ríkisins og Landsbankans.

Eftir eignarhaldsbreytinguna á íslenska ríkið 98% hluta í Landsbankanum, en Landsbankinn tók við 2% af eigin hlutum, eða 500 milljón hlutum. Bankinn tók við hlutunum frá LBI hf. með þeim skilyrðum að þeim yrði ráðstafað til starfsmanna. Bankinn gerði ráðstafanir til að úthluta eigin hlutum í samræmi við kröfur LBI hf. og ákvörðun hluthafafundar bankans sem haldinn var í júlí 2013. Í september 2013 var 317 milljónum eigin hluta úthlutað til starfsmanna. Starfsmenn fengu 119 milljón hluti til eignar en bankinn keypti 198 milljón eigin hluti til baka til að standa skil á sköttum og líffeyrissjóðsgreiðslum. Úthlutun eftirstandandi eigin hluta fór fram í febrúar 2014.

Á fyrsta og fjórða ársfjórðungi 2013 greiddi bankinn inn á veðtryggðu skuldabréfin samningsbundna fyrirframgreiðslu og valkvæða fyrirframgreiðslu, samtals að jafngildi 52.201 milljónir króna. Sterk lausafjárstaða bankans í erlendri mynt hefur gert honum kleift að greiða hraðar af langtíma skuldum en samningar kveða á um.

Í mars 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið bankanum bráðabirgðamat og niðurstöður sínar í tveimur málum. Fyrri málið varðar ívilnandi skilmála sem Landsbanki Íslands hf. (nú LBI hf.) bauð á árunum 2004-2010 og sem bankinn bauð síðar viðskiptavinum í einstaklingsviðskiptum, sér í lagi í tengslum við húsnæðislán. Bankinn skilaði svari sínu í júní 2013 og hafnaði öllum ásökunum um brot á samkeppnisreglum. Bankinn hefur ekki upplýsingar um hvenær Samkeppniseftirlitið muni grípa til frekari aðgerða í málinu en hefur lýst vilja sínum til að ganga til viðræðna. Seinna málið snýst aðallega um meinta aðild Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.) og síðar bankans um það hvernig ákvarðanir voru teknar um milligjöld greiðslukorta. Bankinn skilaði svari sínu í júní 2013 og hafnaði öllum ásökunum um brot á samkeppnisreglum. Bankinn og Samkeppniseftirlitið hafa fundað nokkrum sinnum til að reyna að leita leiða til að útkljá málið.

Í apríl 2013 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þá ákvörðun sína að vaxtaendurgreiðslur Landsbankans til viðskiptavina árið 2011 teljist ekki ríkisstyrkir. ESA komst að þeirri niðurstöðu að aðgerðir bankans væru viðskiptalegs eðlis og án aðkomu eða tilmæla íslenska ríkisins. ESA grundvallaði ákvörðun sína á stefnum og reglum ríkisins um eignarhald opinberra aðila á fjármálafyrirtækjum, sem og fyrirbyggjandi staðreyndum um ákvörðun Landsbankans í málinu. ESA komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru nægileg rök fyrir að efast um viðskiptalegt eðli aðgerða Landsbankans.

Þann 1. október 2013 greiddi bankinn hluthöfum arð vegna rekstrarársins 2012 í samræmi við ákvörðun aðalfundar bankans þann 17. apríl 2013. Þetta er fyrsta arðgreiðslan frá stofnun bankans. Greiddur arður nam 10.080 milljónum króna, sem nemur 0,42 krónum á hlut fyrir árið 2012, eða 39% af heildarhagnaði ársins 2012.

## Eignarhald

Heildarfjöldi hluthafa í árslok 2013 var 1.394, en þeir voru einungis 2 í upphafi árs 2013. Í lok árs 2013 voru 10 stærstu hluthafar í bankanum sem hér segir:

Nafn hluthafa		Fjöldi hluta (í m.kr.)	%
Ríkissjóður Íslands		23.300,0	97,08%
Eignarhlutir ehf.	Ríkisfyrirtæki	200,0	0,83%
Árni Þ. Þorbjörnsson	Framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Helgi T. Helgason	Framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Hjördís D. Vilhjálmstöttir	Fyrirverandi framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Hrefna Ö. Sigfinnsdóttir	Framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Hreiðar Bjarnason	Framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Jensína K. Böðvarsdóttir	Framkvæmdastjóri	0,3	0,00%
Helgi Þ. Arason	Forstöðumaður	0,2	0,00%
Hermann M. Þórisson	Framkvæmdastjóri dótturfyrirtækis	0,2	0,00%
<b>Stærstu 10 samtals</b>		<b>23.502,3</b>	<b>97,93%</b>
Aðrir hluthafar		119,0	0,50%
Landsbankinn hf.	Eigin hlutir	378,7	1,58%
<b>Heildarútgæfið hlutafé</b>		<b>24.000,0</b>	<b>100,00%</b>

Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkisins í bankanum, bæði fyrir hönd ríkissjóðs Íslands og Eignarhluta ehf.

## Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir mynda grunninn að því trausti sem samskipti hluthafa, bankaráðs, stjórnar bankans, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila byggja á og efla hlutleysi, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

Bankinn endurskoðar árlega fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja til að ákvarða hvort stjórnarhættir bankans séu í samræmi við leiðbeiningarnar á hverjum tíma.

Reglugerðarammínn sem bankinn grundvallar stefnu sína á um stjórnarhætti og framkvæmd hennar byggir m.a. á lögum nr. 75/2010, um fjármála fyrirtæki, með áorðnum breytingum (nr. 161/2002), lögum nr. 118/2011, um ársreikninga, með áorðnum breytingum (nr. 3/2006), sem og öðrum viðeigandi lögum og reglugerðum.

Landsbankinn fylgir öllum tilmælum 4. útgáfu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem OMX Nordic Stock Exchange á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands gáfu út í mars 2012, að undanskildum ákvæðum í greinum 1.1, 2.7, 5.B.3 og 5.B.4. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti bankans almennt og undantekningar þessar verða gefnar út sem hluti af ársskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2013 og á heimasíðu bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

## Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samstæðureikningur Landsbankans hf. fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af ESB fyrir fyrirtæki í áframhaldandi rekstri.


Það er álit okkar að samstæðureikningur Landsbankans hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2013, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Það er enn fremur álit okkar að samstæðureikningur Landsbankans hf. og áritun bankaráðs og bankastjóra gefi glögga mynd af þróun og afkomu samstæðunnar og lýsi megin áhættum og óvissuþáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri hafa í dag rætt samstæðureikning Landsbankans hf. fyrir árið 2013 og staðfesta hann með áritun sinni. Bankaráð og bankastjóri mæla með því að aðalfundur Landsbankans hf. samþykki samstæðureikning þennan.

Reykjavík, 4. mars 2014

Bankaráð




Trygvi Pálsson


formaður bankaráðs



Eva Sóley Guðbjörnsdóttir




Danielle Pamela Neben




Kristján P. Davíðsson



Helga Björk Eiríksdóttir




Jón Sigurðsson



Þórdís Ingadóttir

Bankastjóri



Steinn Pálsson

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbankans hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Landsbankans hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Landsbankans hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2013, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 4. mars 2014

KPMG ehf.

Helgi F. Arnarson

Sigríður Helga Sveinsdóttir

## Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2013

Skýringar	2013	2012	
<b>Eignir</b>			
7	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	21.520	25.898
6, 8, 37	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	290.595	228.208
8	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	36.275	36.881
6, 9	Afleiðusamningar	654	1.043
10, 37	Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	67.916	64.349
11, 37	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	680.468	666.087
12	Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð	14.224	15.528
13	Rekstrarfjármunir	5.440	6.776
14	Óefnislegar eignir	585	541
20	Skatteign	0	48
15	Aðrar eignir	8.816	14.108
		<b>1.126.493</b>	<b>1.059.467</b>
16	Eignir í sölumeðferð	25.023	25.320
	<b>Eignir samtals</b>	<b>1.151.516</b>	<b>1.084.787</b>
<b>Skuldir</b>			
17	Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	167.218	98.718
18	Innlán frá viðskiptavinum	456.662	421.058
9	Afleiðusamningar og skortstöður	7.571	9.438
20	Skattskuld	590	0
19, 37	Veðtryggð skuldabréf	239.642	221.791
6, 19	Skilyrt skuldabréf	0	87.474
21	Aðrar skuldir	34.589	20.249
		<b>906.272</b>	<b>858.728</b>
	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	3.885	893
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>910.157</b>	<b>859.621</b>
22	<b>Eigið fé</b>		
	Hlutfé	23.618	24.000
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	120.700	123.898
	Lögbundinn varasjóður	7.046	5.053
	Óráðstafað eigið fé	90.002	72.120
	<b>Eigið fé hluthafa bankans</b>	<b>241.366</b>	<b>225.071</b>
	Hlutdeild minnihluta	(7)	95
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>241.359</b>	<b>225.166</b>
	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.151.516</b>	<b>1.084.787</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.



## Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2013

Skýringar	2013	2012
Vaxtatekjur	63.224	64.661
Vaxtagjöld	(28.910)	(29.077)
<b>23 Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>34.314</b>	<b>35.584</b>
24 Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum	19.440	37.320
4, 24 Tap af gengistryggðum útlánnum og kröfum á viðskiptavini	0	(2.120)
24, 64 Virðisrýrnun útlána og krafna	(7.706)	(12.260)
6 Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	1.319	(27.331)
<b>Hrein virðisbreyting</b>	<b>13.053</b>	<b>(4.391)</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur eftir hreina virðisbreytingu útlána og krafna</b>	<b>47.367</b>	<b>31.193</b>
Þjónustutekjur	8.451	7.696
Þjónustugjöld	(3.160)	(3.248)
<b>25 Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>5.291</b>	<b>4.448</b>
26 Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	8.460	5.703
27 Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	2.092	2.169
29 Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	1.147	4.566
30 Aðrar tekjur og gjöld	1.224	1.062
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>12.923</b>	<b>13.500</b>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>65.581</b>	<b>49.141</b>
31 Laun og launatengd gjöld	17.304	13.176
32 Annar rekstrarkostnaður	8.005	8.878
13 Afskriftir	818	719
21 Framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	1.079	1.042
33 Yfirtökukostnaður	45	290
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>27.251</b>	<b>24.105</b>
12 Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	2.712	2.449
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>41.042</b>	<b>27.485</b>
34 Tekjuskattur	(9.000)	(2.925)
34 Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(3.283)	(1.200)
<b>Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>28.759</b>	<b>23.360</b>
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	0	2.134
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>28.759</b>	<b>25.494</b>
<b>Hagnaður ársins tilheyrir:</b>		
<b>Hluthafar bankans</b>		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	28.750	23.360
Hagnaður af aflagðri starfsemi	0	2.079
<b>Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans</b>	<b>28.750</b>	<b>25.439</b>
<b>Hlutdeild minnihluta</b>		
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	9	0
Hagnaður af aflagðri starfsemi	0	55
<b>Hlutdeild minnihluta í hagnaði ársins</b>	<b>9</b>	<b>55</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>28.759</b>	<b>25.494</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>		
35 Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	1,22	0,97

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 31. desember 2013

Skýringar									
Hluthafar bankans									
	Yfirverðs reikningur		Varasjóður		Varasjóður		Hlutdeild		
	Hlutfé	hlutafjár	hlutabréfa	Lögbundinn varasjóður	tengdra greiðslna	Óráðstafað eigið fé	Samtals	minnihluta	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé á árinu 2013</b>									
Eigið fé 1. janúar	24.000	123.898		5.053		72.120	225.071	95	225.166
Hagnaður ársins						28.750	28.750	9	28.759
Skuldbinding til kaupa á eigin hlutabréfum			(4.691)				(4.691)		(4.691)
Kaup á eigin hlutabréfum	(500)	(4.191)	4.691				0		0
Hlutabréfatengdar greiðslur til starfsmanna í formi hlutabréfa					4.017		4.017		4.017
Samþykktar arðgreiðslur til hluthafa						(9.921)	(9.921)		(9.921)
Eigin hlutabréfum úthlutað til starfsmanna	317	2.654			(2.971)		0		0
Kaup eigin hlutabréfa til greiðslu skatta og lífeyrisskuldbindinga	(199)	(1.661)					(1.860)		(1.860)
Lagt í lögbundinn varasjóð				947		(947)	0		0
Kaup á hlutdeild minnihluta í dótturfélagi							0	(111)	(111)
<b>22 Eigið fé 31. desember 2013</b>	<b>23.618</b>	<b>120.700</b>	<b>0</b>	<b>6.000</b>	<b>1.046</b>	<b>90.002</b>	<b>241.366</b>	<b>(7)</b>	<b>241.359</b>
<b>Breytingar á eigin fé á árinu 2012</b>									
Eigið fé 1. janúar	24.000	123.898		3.781		47.952	199.631	613	200.244
Hagnaður ársins						25.439	25.439	55	25.494
Lagt í lögbundinn varasjóð				1.272		(1.272)	0		0
Lækkun hlutdeildar minnihluta vegna kaupa á dótturfélagi							0	(573)	(573)
<b>22 Eigið fé 31. desember 2012</b>	<b>24.000</b>	<b>123.898</b>	<b>0</b>	<b>5.053</b>	<b>0</b>	<b>72.120</b>	<b>225.071</b>	<b>95</b>	<b>225.166</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar 31. desember 2013

Skýringar	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður ársins	28.759	25.494
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	(45.393)	(43.778)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	39.532	77.065
Innheimtar vaxtatekjur	43.205	48.726
Greidd vaxtagjöld	(26.026)	(25.386)
28 Fenginn arður	425	551
Greiddur tekjuskattur	(49)	(895)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>40.453</b>	<b>81.777</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Sala á hlutum í hlutdeildarfélagum	4.833	1.264
13 Keyptir rekstrarfjármunir	(820)	(849)
13 Seldir rekstrarfjármunir	1.152	71
14 Keyptar óefnislegar eignir	(293)	(126)
Sala á dótturfélagi	1.067	9.455
<b>Handbært fé frá (til) fjárfestingahreyfinga</b>	<b>5.939</b>	<b>9.815</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Útgáfa sértryggðra skuldabréfa	1.860	-
Kaup á minnihluta	840	(472)
Endurgreiðsla á langtímaskuldum	(52.201)	(72.115)
22 Greiddur arður	(9.921)	-
<b>Handbært fé til fjármögnunarhreyfinga</b>	<b>(59.422)</b>	<b>(72.587)</b>
Hækkun á handbæru fé	(13.030)	19.005
Handbært fé í upphafi árs	32.486	13.625
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	471	(144)
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>19.927</b>	<b>32.486</b>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi</b>		
Áætluð fjárhæð skuldabréfs útgefnu af ríkissjóði Íslands vegna yfirtöku á SpKef sparisjóði	-	(19.198)
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	19.198

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Sjóðstreymisfirlit samstæðunnar 31. desember 2013

Notes	2013	2012	
<b>Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi</b>			
23	Hreinar vaxtatekjur	(34.314)	(35.584)
24	Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum	(19.440)	(37.320)
4, 24	Tap af gengistryggðum útlánnum og kröfum á viðskiptavini	-	2.120
24, 64	Virðisrýrnun útlána og krafna	7.706	12.260
6, 19	Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	(1.319)	27.331
26	Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(8.460)	(5.703)
27	Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(2.092)	(2.169)
	Hreinn hagnaður af eignum í sölumeðferð	-	(2.134)
29	Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	(1.618)	(4.422)
13	(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna	(277)	(14)
32	(Hagnaður) tap af sölu fullnustueigna	177	(537)
13	Afskriftir	818	719
12	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	(2.712)	(2.449)
	Hlutdeild í hagnaði af sölu hlutdeildarfélagum	(836)	-
22	Kaup á eigin bréfum	4.691	-
34	Tekjuskattur	9.000	2.925
34	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	3.283	1.200
		<b>(45.393)</b>	<b>(43.778)</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
	Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(4.485)	448
	Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	(57.214)	35.545
	Breytingar á útlánnum og kröfum á fjármálafyrirtæki	(10.949)	39.838
	Breytingar á útlánnum og kröfum á viðskiptavini	(3.698)	44.598
	Breytingar á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum	-	(349)
	Breytingar á öðrum eignum	5.768	5.069
	Breytingar á eignum í sölumeðferð	4.150	(5.937)
	Breytingar á skuldum við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	69.502	(15.530)
	Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	42.389	(26.401)
	Breyting á skattskuld	(383)	-
	Breyting á fullnustueignum	712	(1.400)
	Breytingar á öðrum skuldum	(5.019)	(2.027)
	Breyting á skuldum vegna eigna í sölumeðferð	(1.241)	3.212
		<b>39.532</b>	<b>77.065</b>
<b>Handbært fé sundurliðað:</b>			
7	Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	15.064	23.927
10	Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum	4.863	8.559
	<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>19.927</b>	<b>32.486</b>

Meðfylgjandi skýringar eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Skýringar við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013

Skýring	Blaðsíða	Skýring	Blaðsíða
<b>Almennt</b>		<b>Áhættustýring</b>	
1	11	46	51-52
2	11	47	52
3	11-21	48	52-53
4	21-22	<b>Útlánaáhætta</b>	
5	23-24	49	53
<b>Skýringar við efnahagsreikning</b>		50	53-54
6	25-30	51	54
7	30	52	54
8	31	53	54-55
9	31	54	55
10	32	55	56-57
11	32	56	58
12	32-33	57	59
13	33	58	59
14	33	59	60
15	33	60	60
16	34	61	61
17	34	62	61
18	34	63	62
19	34-35	64	63
20	36	65	63
21	37	66	63
22	38	67	63-64
<b>Skýringar við rekstrarreikning</b>		68	64
23	39	69	64-65
24	39	<b>Lausafjánhætta</b>	
25	39	70	65
26	40	71	65-66
27	40	72	66
28	40	73	67-69
29	40	74	69-70
30	40	<b>Markaðsáhætta</b>	
31	41	75	70
32	41	76	70-71
33	41	77	71
34	42	78	72
<b>Aðrar skýringar</b>		79	73
35	42	80	73-74
36	43	81	74
37	44	82	74
38	44-45	83	75
39	45	84	76
40	45-48	85	76
41	48	<b>Rekstraráhætta</b>	
<b>Eiginfjárstýring</b>		86	76
42	49	<b>Lykiltölur samstæðunnar</b>	
43	49	87	77
<b>Eiginfjárpörf</b>		88	78
44	49-50		
45	50-51		

# Skýringar við samstæðuársreikning

## 1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

Fjármálaráðuneytið stofnaði Landsbankann hf. (áður NBI hf. og hér eftir vísað til sem „bankinn“ eða „Landsbankinn“) 7. október 2008 fyrir hönd ríkissjóðs á þann hátt að bankinn tók yfir innlendan rekstur LBI hf. (áður Landsbanki Íslands hf.).

Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og Fjármálaeftirlitið (FME) hefur veitt bankanum rekstrarleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt sömu lögum. FME hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er í Austurstræti 11, 155

Samstæðuársreikningur bankans fyrir árið 2013 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi bankans er á sviði fyrirtækja-, viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi, eignastýringar og önnur tengd þjónusta. Bankinn starfar eingöngu á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar var samþykktur af bankaráði og bankastjóra þann 4. mars 2014.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2013 hefur verið gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku, samþykktur af bankaráði og áritaður af endurskoðendum félagsins þann 7. mars 2013. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu, þá gildir enska útgáfan.

### Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa metið hvort bankinn hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningurinn gerður miðað við þá forsendu að bankinn sé rekstrarhæfur.

### Matsgrundvöllur

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði að undanskildum:

- Fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru sem veltufjáreignir og skuldir metnar eru á gangvirði,
- Fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og metnar eru á gangvirði,
- Fastafjármunum til sölu og eignahlutum í félögum í sölu meðferð, sem metnir eru á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

### Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Liðir í reikningsskilum hvers og eins félags innan samstæðunnar eru færðir í gjaldmiðli þess efnahagssumhverfis sem viðkomandi félag starfar í (starfrækslugjaldmiðli þess). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum (ISK), sem er einnig starfrækslugjaldmiðill bankans, námunndaðar að næstu milljón nema annað komi fram.

### Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

Í skýringu 4 er fjallað um mat og gefnar forsendur sem fela í sér talsverða áhættu sem gæti leitt til verulegra breytinga á bókfærðu virði eigna og skulda á næsta fjárhagsári.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram í samstæðuársreikningnum, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðunum hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem fram koma í reikningnum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir mikilvægustu reikningsskilaaðferðum sem beitt var við gerð þessa ársreiknings.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### 3.1 Dótturfélög og hlutdeild í minnihluta

##### (a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem bankinn hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þeirra í þeim tilgangi að öðlast ávinning af starfsemi þeirra. Almennit fylgir slíku eignarhald á hlutum með meira en helmingi atkvæðaréttar. Við mat á því hvort bankinn hafi yfiráð yfir félagi er tekið tillit til áhrifa mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur eða hægt er að breyta í virkan rétt. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum bankans frá því að yfiráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferðinni er beitt við sameiningu fyrirtækja í samstæðunni. Endurgjald við kaup á dótturfélagi felur í sér gangvirði yfirfærðra eigna, skulda sem stofnað er til og eigin fé útgefnu af samstæðunni. Endurgjaldið innifelur gangvirði sérhverrar eignar eða skuldar sem eru tilkomnar vegna skilytra greiðslna. Kostnaður tengdur kaupum, annar en sá sem tilheyrir útgáfu skulda- og hlutabréfa er gjaldfærður þegar hann fellur til. Aðgreinanlegar keyptar eignir og yfirteknar skuldir við sameiningu fyrirtækja eru upphaflega metnar á gangvirði á yfirtökudegi. Skilyrtar skuldbindingar hins yfirtekna félags eru aðeins skráðar við sameiningu fyrirtækja ef slík skuldbinding er þegar til staðar og er til komin vegna liðins atburðar, og hægt er að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti. Nánari upplýsingar eru veittar í þessari skýringu um hvernig samstæðan færir viðskiptavild sem til verður við sameiningu fyrirtækja.

Viðskipti á milli félaga innan samstæðunnar, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum þeirra á milli eru felld út í ársreikningi samstæðunnar. Óinnleyst tap er einnig felld út nema að með viðskiptunum sé sýnt fram á virðisrýrnun yfirfærðrar eignar. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt eftir því sem við á til að tryggja samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

##### (b) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti hagnaðar eða taps og eiginfjár sem bankinn á ekki beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi samstæðunnar og er talin með eigin fé í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans. Samstæðan ákveður í hverjum kaupum fyrir sig hvort meta eigi eignarhlut minnihlutaeigenda í keyptu félagi á gangvirði eða miðað við hlutdeild þeirra í hreinni eign keypta félagsins. Breytingar á eignarhlut bankans í dótturfélagi sem leiða ekki til þess að yfiráð tapist eru færðar sem eiginfjárhreyfingar. Þegar um þess háttar breytingar er að ræða er hlutdeild meirihluta- og minnihlutaeigenda í dótturfélaginu breytt til samræmis við fyrrgreindar breytingar. Þegar stöðu eignarhluta án yfiráða er breytt er mismuninum á stöðunni og gangvirði endurgjaldsins sem greitt er eða mótttekið fært beint undir þann hluta eigin fjáris sem fellur undir eigendum bankans.

#### 3.2 Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfiráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðisréttar annars félags. Í reikningsskilum vegna fjárfestinga í hlutdeildarfélögum er annað hvort beitt hlutdeildaraðferð eða fjárfestingin er færð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eins og lýst er frekar í þessari skýringu. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru færð með hlutdeildaraðferð koma fram í efnahagsreikningnum í línunni „Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð“. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem færðar eru sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning koma fram í efnahagsreikningnum í línunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.

##### *Hlutdeildarfélög með hlutdeildaraðferð*

Hlutdeildaraðferð er beitt vegna fjárfestinga í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð frá og með þeim degi sem verulegum áhrifum er náð og eru fjárfestingarnar færðar á kostnaðarverði í upphafi. Viðskiptavild í tengslum við fjárfestingu í hlutdeildarfélagi er innifalin í bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Afskrift viðskiptavildar er ekki heimil. Ef hlutdeild samstæðunnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda hlutdeildarfélags er umfram kostnaðinn við fjárfestingu, er það sem umfram er, fært sem tekjur við ákvörðun á hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins á því tímabili sem fjárfestingin á sér stað.

Þar sem viðskiptavild er ekki aðgreind frá bókfærðu verði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi, er virðisrýrnun hennar ekki prófuð sérstaklega samkvæmt kröfum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 36, Virðisrýrnun eigna („Impairment of Assets“). Í staðinn er bókfært virði fjárfestingarinnar í heild sinni prófað fyrir virðisrýrnun samkvæmt IAS 36 með því að bera saman endurheimtanlegt virði fjárfestingarinnar og bókfært virði hennar, í hvert skipti sem kröfur alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 39, Fjármálagerningar: Skráning og mat („Financial Instruments: Recognition and Measurement“), gefa til kynna mögulega virðisrýrnun á fjárfestingunni.

Eftir kaupin í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð er hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi færð í rekstrarreikning og hlutdeild hennar í hreyfingum varasjóða þeirra er færð í varasjóðum samstæðunnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu virði fjárfestingarinnar. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags jöfn eða hærri en bókfært verð þess, að meðtöldum öllum öðrum ótrygðum kröfum, færir samstæðan ekki frekara tap, nema að hún hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd þess.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum á milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar er felldur út, að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögnum. Óinnleyst tap er jafnframt felld út nema að viðskiptin gefi vísbendingu um virðisrýrnun eignarinnar sem var yfirfærð. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarfélaga hefur verið breytt þar sem þess er þörf að tryggja samræmi í reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### 3.2 Hlutdeildarfélög (framhald)

*Hlutdeildarfélög metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Samstæðan tilgreinir við upphaflega skráningu vissar fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samkvæmt við IAS 39 "Fjármálagerning, Skráning og mat" („Financial Instruments: Recognition and Measurement"). Samstæðan metur slíkar fjárfestingar á gangvirði og skráir breytingar á gangvirði í rekstrarreikning í línunni „Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði".

#### 3.3 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðeigandi félags innan samstæðunnar á stundargengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á uppgjörstegi eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði, eftir því sem við á, í viðkomandi erlendum gjaldmiðli og umreiknuð í starfrækslugjaldmiðlinn á stundargengi þess dags. Gjaldmiðlagengishagnaður eða -tap af peningalegum liðum er munurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum við upphaf tímabilsins, leiðrétt fyrir virkum vöxtum og greiðslum á tímabilinu, og afskrifaða kostnaðarverðinu í erlenda gjaldmiðlinum umreiknuðu á stundargengi í lok tímabilsins. Ópeningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem metnar eru á gangvirði eru fyrst metnar á gangvirði í viðeigandi gjaldmiðli, sem er síðan umreiknað í starfrækslugjaldmiðlinn á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað. Allur gjalddeyrisgengismunur sem verður til vegna umreiknings í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikninginn.

#### 3.4 Fjáreignir og fjárskuldir

##### (a) Skráning

Samstæðan skráir upphaflega í fjárhagsbókhald sitt útlán og kröfur, innlán og útgefin skuldabréf á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði að teknu tilliti til, þegar um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem er ekki metin síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til kaupa fjáreignarinnar eða útgáfu fjárskuldarinnar.

##### (b) Flokkun

Samstæðan flokkar allar fjáreignir ýmist sem útlán og kröfur eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samstæðan flokkar allar fjárskuldir ýmist á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreign eða fjárskuld er flokkuð sem veltufjáreign eða veltufjárskuld ef hún er keypt eða til orðin aðallega í þeim tilgangi að selja eða kaupa hana aftur innan skamms tíma eða ef hún er hluti af safni skilgreindra fjármálagerninga sem er stýrt sameiginlega og fyrir liggja merki um nýlegt mynstur um skammtíma hagnaðartöku. Veltufjáreignir samanstanda af skulda-, eiginfjár- og afleiðugerningum. Veltufjárskuldir eru afleiðuskuldir og skortstöður, þ.e. skuldbindingar um að láta af hendi fjáreignir sem samstæðan hefur fengið lánaðar og selt þriðja aðila.

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald þegar fjáreignirnar eru hluti af safni fjármálagerninga sem lýtur áhættustjórnun og upplýsingagjöf til yfirstjórnenda á grundvelli gangvirðis.

Útlán og kröfur eru fjáreignir með fastar eða útreiknanlegar greiðslur sem ekki er átt viðskipti með á virkum markaði og eiga upptök sín innan samstæðunnar eða samstæðan eignast án þess að hafa í hyggju að eiga viðskipti með þær.

##### (c) Afskráning

Samstæðan afskráir fjáreign þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar samstæðan flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða samstæðan heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Samstæðan á í viðskiptum þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikning hennar, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi eignanna sem fluttar eru, eða hluta þeirra. Í þeim tilvikum þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir þá er yfirfærð eign ekki afskráð. Til yfirfærslu eigna, þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða renna út.

##### (d) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera annað hvort upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldina upp samtímis.

Tekjur og gjöld eru aðeins settar fram á nettógrunni þegar reikningsskilareglur leyfa slíkt, eða þegar hagnaður og tap er til kominn af flokki áþekkra viðskipta svo sem viðskipta með veltufjáreignir og veltufjárskuldir.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### 3.4 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

##### (e) Mat afskrifaðs kostnaðarverðs

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er það verð fjáreignar eða fjárskuldar sem hún var metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum endurgreiðslum af höfuðstól, að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afskriftum þar sem beitt er virkum vöxtum á mismun upphaflega verðsins sem skráð var og innlausnarverðsins, að frádregningu virðisrýrnun.

##### (f) Mat gangvirðis

Gangvirði er sú upphæð sem hægt væri að skipta á fyrir eign eða gera upp skuld á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta á þeim degi sem virðið er ákvarðað.

Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings með tilboðsverði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef það er til staðar. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og teljast vera raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óskyldra aðila. Þar sem það er tiltækt, er það lokaverð viðkomandi markaðar sem ákvarðar gangvirði veltufjáreignar og eigna sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í gegnum rekstrarreikning, en það er yfirleitt síðasta viðskiptaverð.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Verðmatsaðferðir styðjast við nýleg viðskipti á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta, ef slíkt er tiltækt, vísan í gildandi gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins, núvirðisgreiningu sjóðstreymis og verðmyndunarlíkón valréttarsamninga. Sú verðmatsaðferð sem valin er styðst eins mikið og hægt er við gögn af markaði, styðst eins lítið og hægt er við sérstakt mat samstæðunnar, tekur inn í myndina alla þætti sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og er í samræmi við viðtekna hagræna aðferðafræði sem beitt er við verðlagningu fjármálagerninga. Inntök verðmatsaðferða endurspeglar markaðsvæntingar með sanngjörnum hætti og meta áhættu- og arðsemisþætti þá sem felast í fjármálagerningnum. Bankinn er með verðmatsnefnd sem metur gangvirði með því að beita líkönum og taka mið af greinanlegum markaðsupplýsingum og beita faglegri dómgreind. Samstæðan stillir af og prófar verðmatsaðferðir með því að nota verð af greinanlegum gildandi markaðsviðskiptum með sama gerning eða byggir á öðrum tiltækum og greinanlegum markaðsgögnum.

Ef viðskiptaverðið er ekki það sama og gangvirði annarra greinanlegra gildandi markaðsviðskipta með sama gerning eða ef það er byggt á verðmatsaðferð þar sem aðeins er stuðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, skráir samstæðan tafarlaust mismuninn á milli viðskiptaverðs og gangvirðis (fyrsta dags hagnaður eða tap). Í tilvikum þar sem gangvirði er ákveðið með gögnum sem ekki eru greinanleg, er mismunur viðskiptaverðs og verðs líkansins skráð í rekstrarreikning eftir aðstæðum við hver viðskipti en eigi síðar en þegar gögnin sem stuðst er við verða greinanleg eða þegar gerningurinn er afskráður.

##### (g) Virðisrýrnun fjáreigna

###### Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver hlutlæg merki séu um að virði láns eða lánasafns hafi rýrnað. Virði láns eða lánasafns er talið hafa rýrnað og virðisrýrnun til orðin aðeins þegar fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar og slíkur eða slíkir atburðir hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti fyrir lánið eða lánasafnið. Til hlutlegra merkja um rýrnun teljast greinanleg gögn um eftirfarandi tapseburði:

- verulegir fjárhagsferðileikar lántakans,
- brot á samningi, eins og vanefnd afborgunar eða greiðslu vaxta eða höfuðstóls,
- samstæðan veitir lántakanum, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum sem varða fjárhagsvanda lántakandans, ívilnun með endurfjármögnun sem lánveitandi myndi ekki annars taka til greina,
- líklegt má teljast að lántakinn verði gjaldþrota eða gangist undir aðra fjárhagslega endurskipulagningu, eða
- greinanleg gögn gefa til kynna mælanlega lækkun áætlaðs sjóðstreymis af útlánasafni frá upphaflegri skráningu þess jafnvel þó að enn sé ekki hægt að tengja lækkunina við einstök útlán í safninu, þar með taldar óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða almennt versnandi efnahagsleg skilyrði sem tengjast þessu lánasafni.

Samstæðan skilgreinir einstök mikilvæg útlán og metur fyrst hvort hlutlæg merki séu um virðisrýrnun þeirra, og metur þetta síðan fyrir einstök útlán eða söfn útlána og krafna sem ekki hafa verið skilgreind sem mikilvæg hvert fyrir sig. Ef samstæðan ákvarðar að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnun fyrir mikilvæg útlán, tekur hún það útlán með í safni útlána með svipaða lánsáhættu og metur virðisrýrnun þeirra saman. Einstakar mikilvægar eignir sem hafa fengið virðisrýrnun eru ekki teknar með í sameiginlegu virðisrýrnunarmati.

Ef fyrir eru hlutlæg merki um að virðisrýrnun hafi orðið á útláni eða kröfum, er fjárhæð tapsins mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirt áætlað framtíðarsjóðsflæði að undanskildu ætluðu útlánatapi í framtíðinni, núvirt með upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfært virði eignarinnar er lækkað sem nemur virðisrýrnuninni, með færslu á afskriftareikning og upphæð tapsins færð undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“ í rekstrarreikningi. Við ákvörðun virðisrýrnunar lána með breytilega vexti er notast við gildandi virka vexti við núvirðinguna.

Útreikningur núvirðis áætlaðs framtíðarsjóðstreymis af veðsettri fjáreign endurspeglar sjóðstreymi sem gæti stafað af því að ganga að veði, að undanskildum kostnaði við að yfirtaka og selja veðið, hvort sem líklegt er að gengið verði að veðinu eða ekki.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir (framhald)

#### 3.4 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

##### (g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Þegar meta á virðisrýrnun heildstætt, eru útlán flokkuð eftir svipuðum eiginleikum lánsáhættu, út frá matsferlum samstæðunnar, sem taka tillit til tegundar eignar og veðs, atvinnugreinar, stöðu vanskila og annarra þátta sem máli skipta. Þessir eiginleikar eru viðeigandi til að áætla framtíðarsjóðstreymi í safni slíkra lána, með því að gefa til kynna getu skuldarans til að greiða hverja þá upphæð sem er á gjalddaga samkvæmt samningsskilmálum.

Virðisrýrnun útlánasafna er metin heildstætt á grunni vænts sjóðstreymis og jafningjamats á eignum með svipaða eiginleika lánsáhættu. Slíkt jafningjamat er einnig lagað að nýjustu greinanlegum gögnum, til að endurspeglar áhrifin af núverandi aðstæðum sem höfðu ekki áhrif á tímabilið sem jafningjamatið var upphaflega byggt á og til að losna við áhrifin af fyrri tappáttum sem ekki eru til staðar lengur.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í safni eigna eru í samræmi við breytingar á greinanlegum gögnum á milli tímabila, til dæmis breytingar á fasteignaverði, greiðslustöðu, eða öðrum þáttum sem gefa til kynna leitni á líkum og umfangi á tapi samstæðunnar. Samstæðan endurskoðar reglulega aðferðir sínar og forsendur við að áætla framtíðarsjóðstreymi til að lágmarka ósamræmi á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Þegar lán er óinnheimtanlegt, er það afskrifað á móti framlagi til virðisrýrnunar útlána í efnahagsreikningnum. Lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið, eins og tilgreint er í lánareglum samstæðunnar, og fjárhæð tapsins hefur verið ákvörðuð. Sérhver áður afskrifuð fjárhæð, sem síðar er endurheimt, er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

Fari svo, á síðara tímabili, að upphæð virðisrýrnunartapsins lækki og ástæðu þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að upprunalega virðisrýrnunin var skráð, þá er virðisrýrnunartapinu, sem áður var skráð, snúið við með leiðréttingu á afskriftarreikninginn. Fjárhæð viðsnúningsins er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

##### Útlán sem endursamið er um

Samstæðan reynir að endurskipuleggja lán frekar en að ganga að veðum. Slíkt kann að fela í sér greiðsludreifingu og samning um nýja lánaskilmála. Virðisrýrð útlán sem samið er um upp á nýtt eru ekki talin ný útlán. Þegar búið er að endursemla um lánaskilmála eru slík útlán ekki lengur í vanskilum og öll síðari virðisrýrnun er metin út frá upphaflegum virkum vöxtum eins og þeir voru reiknaðir fyrir breytingu lánaskilmálanna. Stjórnendur yfirfara stöðugt útlán sem samið hefur verið um að nýju til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun þessara útlána verður metin áfram hver fyrir sig eða sameiginlega. Virði einstakra útlána sem hafa ekki rýrnað en þar sem samið hefur verið um skilmála að nýju eru skráð sem ný útlán. Þar af leiðandi eru upprunalegu útlánin afskráð og endurumsömdu útlánin skráð sem ný útlán.

#### 3.5 Handbært fé

Í sjóðstreymi er handbært fé og óbundnar innstæður hjá Seðlabanka og fjármálafyrirtækjum skilgreint sem reiðufé.

#### 3.6 Skuldabréf og hlutabréf

Skuldabréf og hlutabréf sem eru flokkuð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skráð á gangvirði í efnahagsreikning bæði í upphafi og eftir upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður er skráður beint í rekstrarreikning. Hagnaður og tap sem til verður af breytingum á gangvirði er færður beint í rekstrarreikning bankans undir viðkomandi lið, „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ eða „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði“. Með hagnaði og tapi eru taldar vaxtatekjur skuldabréfa en undanskilinn er gjaldeyrisgengishagnaður og -tap, sem færður er á liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

Skuldabréf sem flokkuð eru sem lán og kröfur eru upphaflega metin á gangvirði auk viðskiptakostnaðar sem tengist þeim beint og við síðara mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðu verði skuldabréfanna og eru færðir undir „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi.

#### 3.7 Afleiðusamningar

Afleiður eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Við síðara mat eru afleiður skráðar á gangvirði, og allar breytingar á gangvirði færðar undir liðinn „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ í rekstrarreikningi, að undanskildum breytingum á framvirkum gjaldeyrisafleiðum og hreinum gjaldeyrisgengismunvegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttá sem færðar eru undir liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður/(tap)“ í rekstrarreikningi. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Bankinn beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Útlán og kröfur eru upphaflega metnar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði sem tengist þeim beint, en við síðara mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána og krafna. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.8 Útlán og kröfur

#### Útlán og kröfur yfirtekin með miklum afföllum

Bankinn yfirtók lán af LBI hf. með miklum afföllum sem endurspeglaði áorðið útlánatap á yfirtökudegi. Afföllin voru innifalin í gangvirði þessara lána og krafna sem metið var við upphaflega skráningu. Afföllin eru einnig innifalin í áætluðu framtíðar sjóðstreymi sem notað er af bankanum til þess að reikna afskrifað kostnaðarverð og virka vexti þessara útlána og krafna.

Á hverjum reikningskiladegi metur samstæðan stöðuna á þessum lánnum og kröfum á reikningskiladeginum og hvort það séu hlutlæg merki um breytingar á væntu sjóðstreymi frá þeim, til dæmis vegna breytinga á virði trygginga og bættri fjárhagsstöðu lántaka. Ef það er einhver breyting á væntu sjóðstreymi endurreiknar samstæðan bókfært verð þessara lána og krafna sem núvirði uppfærðs áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, sem reiknað er út frá virkum vöxtum lánanna og krafanna. Mismunurinn á uppfærðu bókfærðu virði og bókfærðu virði eins og það stendur fyrir uppfærslu, sem inniheldur áfallna vexti, verðbætur, gjaldeyrisgengismun og raunverulegar greiðslur af lánunum og kröfunum til samstæðunnar, er skráður í rekstrarreikninginn í línunni „Virðisrýmun útlána og krafna með miklum afföllum“.

Samstæðan skráir vexti og verðbætur á þessi útlán og kröfur á grundvelli bókfærðs virðis og aðeins að því marki sem vextir og verðbætur teljast innheimtanlegar. Vextir og verðbætur skrást í rekstrarreikninginn í línunni „Vaxtatekjur“.

### 3.9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýmun. Til kostnaðarverðs teljast útgjöld sem rekja má beint til kaupa á eignunum.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins talinn með bókfærðu verði eignar ef líklegt er að fjárhagslegur ábati af eigninni í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn áreiðanlega. Allur annar kostnaður vegna viðgerða og viðhalds er gjaldfærður í rekstrareikning á því fjárhagstímabili sem hann fellur til.

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir með línulegri aðferð. Aðferðin er notuð á afskrifanlegan hluta eignanna, en það er kostnaður þeirra að frádregnu hrakvirði deilt á áætlaðan líftíma þeirra með eftirfarandi hætti:

Byggingar	25 - 50 ár
Tölvuvélbúnaður	3 ár
Annar búnaður og ökutæki	3 - 10 ár

Hrakvirði eignanna og líftími þeirra er endurskoðaður árlega og breytt þar sem við á.

Hagnaður og tap af sölu eigna er fundið með því að bera söluverð eignar saman við bókfært verð hennar á söluþegi. Hagnaður og tap eru talin með undir liðnum „Aðrar tekjur og gjöld“ í rekstrarreikningnum.

### 3.10 Óefnislegar eignir

#### (a) Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður miðað við kostnaðinn sem fellur til við kaup eða þróun hugbúnaðarins og sem til fellur við að koma honum í notkun. Hugbúnaður sem er skráður sem óefnisleg eign er niðurfærður á líftíma hans sem er áætlaður 3 – 5 ár.

Kostnaður við að viðhalda hugbúnaði er færður sem útgjöld á þeim tíma sem hann fellur til.

#### (b) Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins skráð sem eign ef hún er keypt við sameiningu félaga. Hún er skráð á kaupþegi og metin sem samtala (a) gangvirðis afhents endurgjalds, (b) skráð upphæð allra eignahluta án yfirráða í yfirtekna félaginu, og (c) gangvirði alls eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í yfirtekna félaginu, að frádregnu hreinu skráðu virði (yfirleitt gangvirði) aðgreinanlegra keyptrá eigna og yfirtekinna skulda, allt metið miðað við kaupdag. Til afhents endurgjalds telst gangvirði afhentra eigna, áfallnar skuldir og eigið fé útgefið af samstæðunni. Þessu til viðbótar telst gangvirði alls skilyrts endurgjalds með sem hluti af afhentu endurgjaldi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýmunartapi. Almennt er virðisrýmun viðskiptavildar endurskoðuð árlega, en oftast er atburðir eða breytingar á aðstæðum gefa til kynna mögulega rýmun bókfærðs verðs. Vegna virðisrýmunarprófa er viðskiptavild úthlutað miðað við kaupdag til hverrar fjárskapandi einingar samstæðunnar eða hópa fjárskapandi eininga sem búist er við að njóti hagsbóta af samlegðaráhrifum sameiningarinnar, hvort sem þær einingar fá úthlutað öðrum eignum eða skuldum keypta félagsins eða ekki. Hver eining sem fær úthlutaða viðskiptavild er lægsta stig innan samstæðunnar þar sem liður í innri stjórnun er að fylgjast með viðskiptavildinni. Þegar viðskiptavild er tengd ákveðnum hluta fjárskapandi einingar (eða hópi fjárskapandi eininga) og hluti af rekstri einingarinnar er seldur, er viðskiptavildin sem tengist selda rekstrinum innifalin í bókfærðu virði þess rekstrar þegar reiknaður er hagnaður eða tap af sölu rekstrarins.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.11 Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Eignir með ótakmarkaðan líftíma eru ekki afskrifaðar en prófað er árlega hvort þær hafi rýrnað í virði. Farið er yfir eignir sem eru afskrifaðar til að gæta að virðisrýrnun í hvert sinn sem atburðir eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera óendurkræft. Skráð er virðisrýrnun sem nemur því sem bókfært virði eignarinnar er umfram endurheimtanlegt virði hennar. Endurheimtanlegt virði hennar er annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hennar, hvort sem hærra er. Í þeim tilgangi að meta virðisrýrnun eru eignir flokkaðar á lægstu stig aðgreinanlegs sjóðstreymis (fjárskapandi einingar). Á hverjum reikningsskiladegi er kannað hvort virðisrýrnun hafi snúist við á eignum öðrum en fjáreignum, að viðskiptavild undanskilinni.

### 3.12 Frestaður tekjuskattur

Frestuð skatteign er skráð þegar líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður fáiast sem jafna má gegn tímabundnum mismun til frádráttar.

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu sem skuld, vegna tímabundins mismunar á skattverði eigna og skulda og bókfærðs virðis þeirra í ársreikningi samstæðunnar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar skráningar eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja, en það hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattalegan hagnað eða tap þegar viðskiptin eiga sér stað. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með skatthlutföllum sem hafa verið lögleidd eða efnislega lögleidd fyrir reikningsskiladag og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð tekjuskattseign er innlest eða frestuð tekjuskattsskuld er gerð upp.

Meginhluti tímabundins mismunar er til kominn vegna breytinga á gangverði ýmissa fjáreigna og fjárskulda og mismunar á gangvirði keyptrar eigna og skattverði þeirra.

### 3.13 Eignir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar fastafjármuni (eða flokka af eignum ásamt tengdum skuldum) sem eignir í sölumeðferð þegar bókfært virði þeirra endurheimtist aðallega með sölu. Það á venjulega við um veð sem samstæðan hefur gengið að og hún heldur sem tryggingu fyrir lánum og kröfum, þar með taldar eignir og skuldir dótturfélaga sem samstæðan hefur náð yfirráðum yfir með því að ganga að veði og/eða vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Talið er að fastafjármunir (eða flokkur eigna með tengdar skuldir) verði endurheimtir aðallega með sölu þegar sala eignarinnar er mjög líkleg og hún er tiltæk fyrir tafarlausa sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála um sölu á slíkum eignum. Stjórnendur verða að vera staðráðnir í að selja og verða að vinna með virkum hætti að sölu eignarinnar á verði sem er hæfilegt miðað við gildandi gangvirði hennar. Frekara skilyrði er að búist sé við að skrá megi sölna sem frágengna innan eins árs frá dagsetningu flokkunarinnar.

Eignir og eignasamstæður sem flokkaðar eru í sölumeðferð eru metnar á því sem lægra reynist af bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Hreinar eignir til viðbótar sem verða hluti af eignasamstæðu til sölu, til dæmis vegna hagnaðar sem eignasamstæðan skilar, auka bókfært verð eignasamstæðunnar, en þó ekki meira en sem nemur gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eignasamstæðunnar eins og það er ákvarðað á hverjum reikningsskiladegi.

Þegar um er að ræða stakar eignir sem samstæðan hefur flokkað í sölumeðferð, ákvarðar hún gangvirði þeirra að frádregnum sölukostnaði með tilliti til gildandi markaðsverðs á hverjum reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða dótturfélög sem flokkuð eru í sölumeðferð ákvarðar samstæðan gangvirði þeirra á grunni aðferða við núvirðingu sjóðstreymis. Sölukostnaður er aðeins viðbótarkostnaður og kostnaður sem rekja má beint til sölu eignasamstæðna, að undanskildum fjármögnunarkostnaði og tekjuskatti.

### 3.14 Innstæður og veðtryggð skuldabréf

Samstæðan fjármagnar sig með innlánum, lántökum hjá fjármálafyrirtækjum og skuldabréfaútgáfu.

Þegar samstæðan selur fjáreign og semur um leið um endurkaup á eigninni eða svipaðri eign á föstu verði í framtíðinni („endurkræf viðskipti“), er það fært sem skuld við fjármálafyrirtæki eða Seðlabanka og undirliggjandi eign er áfram skráð í reikningsskilum bankans.

Samstæðan flokkar fjármálagerninga sem fjárskuldir eða eiginfjárgerninga samkvæmt efni þeirra og skilgreiningu fjárskuldar, fjáreignar eða eiginfjárgjörnings

Innstæður og veðtryggð skuldabréf eru í upphafi metin á gangvirði auk alls viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til viðskiptanna. Eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Gangvirði fjárskulda með innlausnarákvæði eins og veltiinnlán, er ekki lægra en innlausnarupphæðin núvirt frá fyrsta degi sem krefjast má greiðslu fjárhæðarinnar.

### 3.15 Skilyrt skuldabréf

Skilyrta skuldabréfið var skilyrt skuldbinding bankans um að gefa út skuldabréf til LBI hf. sem viðbótarendurgjald fyrir eignir og skuldir sem bankinn yfirtók af LBI hf. þann 9. október 2008. Útgáfa skuldabréfsins og nafnverð þess var skilyrt af virði ákveðinna safna eigna, miðað við 31. desember 2012, umfram framtíðarvirði kaupverðs þeirra eigna þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar. Í apríl 2013 var skilyrta skuldabréfið gefið út í formi veðtryggðra skuldabréfa í erlendum myntum að jafngildi 92.000 milljónir króna, sjá skýringu 19. Um leið og veðtryggðu skuldabréfin voru gefin út og skráð sem fjárskuld var skilyrta skuldabréfið afskráð sem fjárskuld.

Skilyrta skuldabréf bankans var flokkað sem fjárskuld og var metið á gangvirði. Allur hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði var skráður undir liðnum „Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs“ í rekstrarreikningi.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.16 Skortstöður

Skortstöður eru skuldbindingar samstæðunnar um að láta af hendi fjáreignir sem hún hefur fengið að láni og selt þriðja aðila. Þessar skuldbindingar eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Eftir það eru þær skráðar á gangvirði og allar breytingar á gangvirði skráðar í rekstrarreikning undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“.

### 3.17 Fjárhagslegar ábyrgðir

Samningar um fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem krefjast þess að útgefandi inni af hendi tilteknar greiðslur til að bæta samningshafa tap sem hann verður fyrir ef tiltekinn skuldari stendur ekki við greiðslur á tilskildum tíma, samkvæmt skilmálum skuldagerings. Samstæðan hefur gefið út slíkar ábyrgðir til annarra banka, fjármálastofnana eða annarra aðila til tryggingar á skuldbindingum viðskiptavina samstæðunnar gagnvart þessum aðilum.

Fjárhagslegar ábyrgðir sem samstæðan gefur út eru einkum bankaábyrgðir í formi bakábyrgða og skjalaábyrgðir. Fjárhagslegar ábyrgðir eru bæði til skemmrí og lengri tíma. Þjónustutekjur af langtíma ábyrgðum eru greiddar til bankans með ákveðnu millibili yfir líftíma hverrar ábyrgðar, upphaflega við útgáfu ábyrgðar og síðan í upphafi hvers tímabils þar á eftir. Þjónustutekjur af skammtíma ábyrgðum eru eðli máls samkvæmt greiddar til bankans við útgáfu ábyrgðar. Þjónustutekjur vegna ábyrgða eru skráðar sem tekjur yfir tíma um leið og þær koma til greiðslu. Afskriftarframlag vegna ábyrgða er háð óvissunni á matinu á því að hve miklu leyti reynir á ábyrgðirnar. Í þessu skyni eru bankaábyrgðir og skjalaábyrgðir metnar ársfjórðungslega með tilliti til útlánaáættu og afskriftarframlaga. Slíkt mat ákvarðast á grundvelli reynslu af sams konar viðskiptum og tapi, ásamt mati stjórnenda.

### 3.18 Óvissar skuldir og skuldbindingar

Samstæðan skráir óvissar skuldir ekki sem skuldir í efnahagsreikningi sínum, fyrir utan þær óvissuskuldir sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og sem eru með gangvirði sem hægt er að meta áreiðanlega. Óviss endurgjald sem samstæðan afhendir við sameiningu fyrirtækja er skráð á gangvirði á yfirtökudegi. Samstæðan flokkar skuldbindinguna um að greiða óviss endurgjald sem skuld eða eigið fé og gerir viðeigandi breytingar á gangvirðismati í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS).

Skuldbindingar vegna kostnaðar eins og þær sem tengjast löglegum kröfum eða endurskipulagningu eru skráðar áorðnar þegar (i) samstæðunni ber, vegna liðinna atburða, lagaleg eða rökstudd skylda til að greiða, (ii) líklegur er en ekki að veita þurfi fjármunum til að gera upp skuldbindinguna, og (iii) að upphæðin hafi verið áætluð með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding er metin á núvirði greiðslanna sem ætla má að þurfi til að gera upp skuldbindinguna. Notuð er ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem endurspeglar mat markaðarins á hverjum tíma á tímavirði peninga og áhættunni sem fylgir skuldbindingunni. Öll hækkun á skuldbindingunni yfir tíma er skráð sem vaxtakostnaður.

### 3.19 Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með iðgjaldatengt lífeyrisskerfi þar sem þau greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með ákveðnu framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Samstæðan er ekki skuldbundin til frekari greiðslna þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Samstæðan er ekki með neinn réttindatengdan lífeyrissjóð.

### 3.20 Hlutfé

#### (a) Kostnaður við útgáfu hluta

Kostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta er aðgreindur undir eigin fé sem frádráttur frá yfirverði hlutabréfa.

#### b) Arður á almenn hlutabréf

Arður er færður á eigið fé á því tímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi bankans.

### 3.21 Fjárvarsla

Samstæðan er fjárvörsluaðili, þar sem hún er handhafi eða sér um ráðstöfun eigna meðal annars fyrir hönd einstaklinga, stofnana og lífeyrissjóða. Þessar eignir og tekjur sem af þeim fást eru ekki færðar í þessi reikningskil þar sem þær eru ekki eignir samstæðunnar.

### 3.22 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Til vaxtatekna og vaxtagjalda sem eru færðar í rekstrarreikning teljast vextir af fjáreignum og fjárskuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru skráð í rekstrarreikninginn eftir aðferð virkra vaxta. Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.23 Hrein virðisrýrnun lána og krafna

Gjöld vegna virðisrýrnunar lána og krafna á fjármálafyrirtæki og viðskiptavini eru sett fram í rekstrarreikningi undir liðnum „Virðisrýrnun útlána og krafna“. Eftir að virðisrýrnun hefur verið færð, eru vaxtatekjur færðar á þeim vöxtum sem notaðir voru við núvirðingu á því framtíðarsjóðstreymi sem notað var við að meta virðisrýrnunina.

### 3.24 Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Þjónustutekjur og umboðslaun eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt. Umsýslugjöldum er almennt frestað ásamt tengdum beinum kostnaði og þau skráð sem leiðrétting á virkum vöxtum lánsins. Umboðslaun og gjöld fyrir þátttöku í samningum um viðskipti fyrir þriðja aðila, eins og umsýsla viðskipta með hlutabréf eða önnur verðbréf eða kaup eða sala á fyrirtækjum, eru færð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið. Þjónustutekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnun og aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, yfirleitt í hlutfalli við tíma. Þjónustutekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sömu grunnreglu fyrir skráningu tekna er beitt fyrir aðra fjárvörsluþjónustu sem er veitt með samfelldum hætti til langs tíma.

### 3.25 Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning tengist fjáreignum sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og felur í sér:

- allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangvirði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni,
- arðstekjur, sem skráðar eru þegar samstæðan öðlast rétt til að fá greiðslu.

### 3.26 Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og –skuldum tengist fjáreignum og skuldum sem samstæðan flokkar sem veltubókarliði og felur í sér:

- allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangverði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni,
- arðstekjur sem skráðar eru þegar réttur samstæðunnar til greiðslu er til orðinn,
- gjaldeyrisgengishagnaður og –tap af afleiðueignum og afleiðuskuldum, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrisafleiða og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttta, sem fært eru undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningnum.

### 3.27 Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

Með hreinum gjaldeyrisgengishagnaði (tapi) er talinn allur hagnaður og tap vegna gengisbreytinga á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum. Gjaldyrisgengishagnaður og -tap af afleiðu fjáreignum og fjárskuldum er talið með undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrisafleiða og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalréttta, sem eru teknar með undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningnum.

### 3.28 Aðrar tekjur og gjöld

Til annarra tekna og gjalda teljast tekjur af samningum um endurkröfur og hagnaður og tap af fullnustueignum og fastafjármunum.

### 3.29 Leigusamningar

#### (a) Þegar samstæðan er leigutaki

Leigusamningar sem samstæðan á aðild að og er leigutaki eru aðallega rekstrarleigusamningar. Á leigutíma eru greiðslur fyrir rekstrarleigu færðar línulega í rekstrarreikning undir liðinn „Annar rekstrarkostnaður“.

Þegar rekstrarleigusamningi er rift áður en leigutíminn er útrunninn, er hver sú fjárhæð sem greidd er leigusala gjaldfærð á því tímabili sem riftun á sér stað.

#### (b) Þegar samstæðan er leigusali

Þegar um er að ræða fjármögnunarleigusamninga, er núvirði leigugreiðslna skráð sem krafa, undir útlán og kröfur á viðskiptavini. Fjármagnstekjur eru færðar yfir líftíma leigusamningsins, með því að endurspegla fasta ávöxtunarkröfu af hreinni fjárfestingu samstæðunnar í leigusamningnum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.30 Aflögð starfsemi

Samstæðan setur fram aflagða starfsemi undir sérstökum lið í rekstrarreikningi ef fyrirtæki eða hluti þess hefur verið seldur eða flokkaður í sölumeðferð og:

- telst vera stór aðskilinn hluti rekstrar,
- er hluti af stakri samhæfðri áætlun um að selja stóran aðskilinn hluta rekstrar, eða
- er dótturfélag keypt sérstaklega til að selja aftur.

Hagnaður af aflagðri starfsemi sem kemur fram í rekstrarreikningi samanstendur af (a) hagnaði eftir skatta eða tapi af rekstri af aflagðri starfsemi og (b) hagnaði eftir skatta eða tapi sem færast við gangvirðismat að frádrögnum kostnaði við sölu eða við sölu eignanna eða safns í sölumeðferð sem telst vera aflagða starfsemin. Hlutur fyrirtækis tekur til reksturs og sjóðstreymis sem hægt er að aðgreina með skýrum hætti, rekstrarlega og vegna reikningsskila, frá öðrum rekstri samstæðunnar og sjóðstreymi hennar.

### 3.31 Starfspáttir

Starfspáttur er sú eining samstæðunnar sem leggur sitt af mörkum í viðskiptum til þess að skapa tekjur og gjöld sem falla til vegna hans, þ.m.t. tekjur og gjöld í viðskiptum við aðrar einingar samstæðunnar. Rekstramiðurstaða starfspáttarins er yfirfarin reglulega af stjórnendum samstæðunnar, sem taka jafnframt ákvarðanir um framlag fjármuna til hvers starfspáttar og leggja mat á fjárhagslegan árangur, á grundvelli aðgreindra fjárhagslegra upplýsinga.

### 3.32 Nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á stöðlum

Nýju staðlarnir IFRS 7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda og IFRS 13 Mat á gangvirði voru innleiddir fyrir reikningsskilaárið sem lauk 31. desember 2013 og var þeim beitt í samstæðureikningi þessum. Áhrif þessara staðla á samstæðureikninginn eru óveruleg út frá mikilvægis sjónarmiði, á meðan óvissa ríkir um áhrif staðla sem ekki hafa verið innleiddir á reikningsskilaárinu sem lauk 31. desember 2013.

Breytingarnar á IAS 32 og IFRS 7 – Jöfnun fjáreigna og fjárskulda („Offsetting Financial Assets and Financial Liabilities“), sem skýra hvenær félag hefur lagalega heimild til þess að skuldajafna fjáreignir og fjárskuldir og gerir kröfur til félags um að birta vissar upplýsingar um áhrif eða möguleg áhrif á fjárhagslega stöðu félags vegna skuldajöfnunarsamninga. Samstæðunni verður skylt að veita upplýsingar í samræmi við breytingarnar á IAS 32 í samstæðureikningsskilum sínum frá og með byrjun árs 2014. Samstæðunni var skylt að innleiða breytingarnar á IFRS 7 frá og með samstæðureikningi þessum fyrir árið 2013. Kraftist er að þessum breytingum sé beitt afturvirktt vegna bæði IAS 32 og IFRS 7. Samstæðan innleiddi ekki á árinu 2013 breytingarnar á IAS 32, en staðallinn gerir auknar kröfur til samstæðunnar um upplýsingagjöf vegna áhrifa eða mögulegra áhrifa skuldajöfnunarsamninga á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

IFRS 13 Mat á gangvirði („Fair value measurement“) setur fram einn ramma um mat á gangvirði bæði fyrir þá liði sem eru fjárhagslegir og ófjárhagslegir, ásamt kröfum um upplýsingagjöf þeim tengdum. IFRS 13 setur ekki fram nýjar kröfur um það hvenær kraftist er mats á gangvirði, heldur gefur leiðbeiningar um það hvernig meta skuli gangvirði og upplýsingagjöf þar að lútandi, þegar þess er kraftist eða heimilt samkvæmt öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Almennt eru kröfur um upplýsingagjöf samkvæmt IFRS 13 víðtækari en þær sem kraftist er í núgildandi stöðlum. Samstæðunni var skylt að fylgja IFRS 13 í samstæðureikningsskilum sínum frá og með byrjun árs 2013. Samstæðan beitti matskröfunum samkvæmt IFRS 13 framvirkt, frá og með byrjun reikningsskilaársins sem hófst 1. janúar 2013 og veitir samanburðarupplýsingar í samræmi við staðalinn. IFRS 13 hefur haft í för með sér ítarlegri upplýsingagjöf um mat á gangvirði en hefur haft óveruleg áhrif á mat eigna og skulda. Viðbótar upplýsingar sem kraftist er samkvæmt staðlinum koma fram í skýringu 6.

IFRS 10 - Samstæðureikningar („Consolidated Financial Statements“) setur fram reglur um gerð og framsetningu samstæðureikninga fyrir félög sem hafa yfirráð yfir einu eða fleiri félögum. Samkvæmt IFRS 10 eru yfirráð grundvallarhugtakið í skilgreiningu á því hvaða félög teljast hluti af samstæðu. Reglan um yfirráð byggir á þremur undirstöðubáttum yfirráða: (a) ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, (b) áhætta eða réttur til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og (c) möguleiki til að nota ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni til að hafa áhrif á arðsemi fjárfestingarinnar. IFRS 10 inniheldur leiðbeiningar um hvernig beita skuli yfirráðareglunni við mismunandi aðstæður, þ.m.t. aðstæður þar sem fjárfestir ræður ekki yfir meirihluta atkvæðisrétt. Í IFRS 10 er byggt á samstæðu aðferðarfræðinni úr IAS 27 - Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil („Consolidated and Separate Financial Statements“) (með áorðnum breytingum frá 2008). IFRS 10 leysir af hólmi IAS 27 (2008) og SIC-12 Samstæðureikningsskil rekstrareiningar um sérverkefni („Consolidation – Special Purpose Entities“). Samstæðunni verður skylt að fylgja IFRS 10 í samstæðureikningsskilum sínum frá og með byrjun árs 2014. Samanburðarfjárhæða frá fyrri tímabilum er kraftist en þó í samræmi við sérstakar yfirfærslu reglur. Samstæðan innleiddi ekki á árinu 2013 IFRS 10 og vinnur nú að því að meta áhrif IFRS 10 á samstæðureikninginn.

IFRS 12 - Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum félögum („Disclosure of Interests in Other Entities“) tekur til allrar upplýsingagjafar vegna hagsmuna í dótturfélögum, sameiginlegum verkefnum, hlutdeildarfélögum og félögum utan samstæðunnar. Almennt eru kröfur IFRS 12 um upplýsingagjöf víðtækari en kröfur núverandi staðla. Samstæðunni ber skylda til að fylgja IFRS 12 í reikningsskilum sínum frá og með byrjun árs 2014. Samanburðarfjárhæða frá fyrri tímabilum er kraftist en þó í samræmi við sérstakar yfirfærslu reglur. Samstæðan innleiddi ekki á árinu 2013 IFRS 12 og vinnur nú að því að meta áhrif IFRS 12 á samstæðureikninginn. Samstæðan gerir hins vegar þegar ráð fyrir því að krafa verði gerð um víðtækari upplýsingagjöf í tengslum við eðli og áhættu vegna hagsmuna bankans í öðrum félögum og áhrifa þeirra hagsmuna á fjárhagsstöðu, afkomu og sjóðstreymi samstæðunnar.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 3.32 Nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á stöðlum (framhald)

IFRS 9 - Fjármálagerningar („Financial Instruments“) kemur í stað þess hluta IAS 39 Fjármálagerningar: Skráning og mat („Financial Instruments: Recognition and Measurement“) sem fjallar um flokkun og mat á fjáreignum og fjárskuldum. Helstu atriði IFRS 9 eru eftirfarandi:

- Gerð er krafa um að fjáreignir séu flokkaðar í annan af tveimur matshópum: eignir sem síðar eru metnar á gangvirði og eignir sem síðar eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Ákvörðunin skal tekin við upphaflega skráningu eignanna. Flokkunin byggir á viðskiptalíkani sem félag notar til að stýra fjármálagerningum sínum og samningsbundnu sjóðstreymi þeirra.
- Fjármálagerningur er við síðara mat metinn á afskrifuðu kostnaðarverði einungis ef um skuldagering er að ræða og bæði að markmið viðskiptalíkans félags gera ráð fyrir að eignarhald miði að innheimtu á samningsbundnu sjóðstreymi sem og að samningsbundið sjóðstreymi vegna eignarinnar sé einungis vegna greiðslna af höfuðstól og vöxtum. Allir aðrir skuldageringar skulu færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
- Allir hlutabréfagerningar skulu við síðara mat metnir á gangvirði. Hlutabréfagerningar í veltubók skulu metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fyrir alla aðra hlutabréfagerninga eru tveir óafturkræfir valkostir við upphaflega skráningu, að færa innleystan og óinnleystan hagnað og tap vegna gangvirðisbreytinga undir aðra heildarafkomu eða í gegnum rekstrarreikning. Endurflokkun á hagnaði og tapi vegna gangvirðisbreytinga er óheimil. Ákvörðun um framangreinda valkosti má taka á grundvelli hvers einstaks gernings fyrir sig. Arð skal færa í gegnum rekstrarreikning svo framarlega sem arðurinn er ávöxtun fjárfestingarinnar.
- Afleiður sem eru innbyggðar í samninga með hýsil sem er fjáreign í skilningi staðalsins á ekki að skilja frá hýslinum. Samsetta fjármálagerninga af því tagi skal meta í heild sinni hvort sem meta skal á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði.
- IFRS 9 (2010) gerir almennt kröfu um að breyting á gangvirði vegna breytinga á útlánaáættu skulda, sem félag tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, komi fram í yfirliti um aðra heildarafkomu og einungis það sem eftir stendur af fjárhæð heildarhagnaðar eða -taps sé fært í rekstrarreikninginn. Fjárhæðir sem koma fram í yfirliti um aðra heildarafkomu má ekki endurskilgreina síðar og færa í rekstrarreikninginn en þær má færa til innan eigin fjár. Hins vegar, ef skráning hagnaðar og taps í yfirliti um aðra heildarafkomu myndar eða eykur reikningshaldslegt ósamræmi í rekstrarreikningi, verður öll gangvirðisbreytingin að koma fram í rekstrarreikningnum. Allur hagnaður og tap á gangvirði í tengslum við lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verður áfram færður í rekstrarreikning.

Ef IFRS 9 verður samþykktur af ESB bar samstæðunni skylda að beita honum í samstæðureikningsskilum frá og með árinu 2015. Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) ákvað að fresta innleiðingardegi IFRS 9 og hefur ákveðið að honum skuli beita eigi síðar en 1. janúar 2018. Við upphaflega innleiðingu á IFRS 9 hefur samstæðan val um að endurreikna samanburðarfjárhæðir fyrir fyrri tímabil eða ekki og mun þurfa að veita ákveðnar upplýsingar um umbreytinguna frá IAS 39 yfir í IFRS 9. Samstæðan hefur ekki í hyggju að innleiða IFRS 9 áður en henni er það skylt og vinnur nú að því að meta áhrif staðalsins á samstæðureikninginn. Með hliðsjón af starfsemi samstæðunnar má búast við því að staðallinn hafi viðtæk áhrif á samstæðureikninginn.

## 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

### (a) Virkir vextir á lánum og kröfum

Bankinn yfirtók lán og kröfur frá LBI hf. með miklum afföllum sem endurspeglar áorðið útlánatap. Virkir vextir eru reiknaðir fyrir þau lán með því að áætla framtíðarsjóðstreymi þeirra og bera það saman við kaupverð þeirra. Til að meta sjóðstreymi þurfa stjórnendur að beita huglægu mati um fjárhagsstöðu skuldara og getu þeirra til að greiða skuldir sínar, hreint söluvirði allra undirliggjandi veða og tímasetningu alls mögulegs sjóðstreymis. Í þeim áætlunum felst veruleg áhætta á því að breyta þurfi bókfærðu virði lánanna innan næsta fjárhagsárs.

### (b) Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan yfirfer útlánasófn sín til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti ársfjórðungslega. Til að ákveða hvort virðisrýrnun skuli færð, þá metur samstæðan hvort fyrir liggja greinanleg og mælanleg gögn sem bendi til þess að áætlað framtíðarsjóðstreymi af lánasafni hafi minnkað áður en hægt verður að greina lækun á einstökum lánum í því safni. Meðal vísbendinga um virðisrýrnun geta verið gögn sem benda til þess að óhagstæð breyting hafi átt sér stað á greiðslugetu lántakenda í tilteknum hóp, eða fylgni er á milli efnahagsaðstæðna og vanefnda í þessum hóp. Til að áætla framtíðarsjóðstreymi sitt nota stjórnendur áætlanir sem byggja á tapreynslu, ásamt hlutlægum merkjum um virðisrýrnun í einsleitum sófnum. Aðferðafræðin og forsendur, sem notaðar eru við að áætla bæði fjárhæð og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis, eru endurskoðaðar reglulega til að draga úr mögulegum mismun á áætlunum um tap og raunverulegu tapi.

### (c) Mat fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga er ákveðið með matsaðferðum ef enginn virkur markaður er til staðar eða skráð verð er ekki tiltækt með öðrum hætti. Í slíkum tilfellum er gangvirði áætlað út frá greinanlegum gögnum fyrir svipaða fjármálagerninga eða með því að nota líkön. Þar sem greinanleg markaðsgögn eru ekki tiltæk er mat á þeim byggt á viðeigandi forsendum. Þegar matsaðferðir (til dæmis líkön) eru notaðar til að ákveða gangvirði, eru þær yfirfarnar og endurskoðaðar reglulega af til þess hæfum og óháðum starfsmönnum. Öll líkön eru yfirfarin áður en þau eru sett í gagnið, og stíllt til að tryggja að útkoman endurspeglar raunveruleg gögn og sambærilegt markaðsverð. Alltaf þegar því verður við komið eru aðeins notuð greinanleg gögn, en þættir eins og sveiflur, fylgni og lánsáhætta, hvort sem hún er eigin eða gagnaðila, krefjast þess að stjórnendur komi með sitt mat. Breyttar forsendur fyrir þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

#### (d) Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Við vissar kringumstæður gefa reikningsskilareglur samstæðunnar svigrúm til að skipta eignum og skuldum í mismunandi flokka við upphaflega skráningu.

- Þar sem fjáreignir eða fjárskuldir hafa verið flokkaðar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli lýsingu á slíkum eignum og skuldum eins og hún er sett fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.
- Þar sem fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli þau viðmið sem sett eru fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.
- Þar sem fjáreignir hafa verið flokkaðar sem útlán og kröfur hefur samstæðan ákveðið að þær uppfylli þau viðmið sem sett eru fram í reikningsskilareglum samstæðunnar.

#### (e) Eignir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar eignir (og eignasamstæður ásamt tengdum skuldum) sem eignir í sölumeðferð ef slíkar eignir eða eignasamstæður eru lausar til sölu í núverandi ástandi þeirra, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála við sölu slíkra eigna eða eignasamstæðna, ef stjórnendur eru staðráðnir í að selja slíkar eignir og leita með virkum hætti eftir kaupanda, ef reynt er að markaðssetja eignirnar með virkum hætti á sanngjörnu verði miðað við gangvirði þeirra, ef búist er við að sölunni verði lokið innan eins árs og ef salan er talin mjög líkleg. Þó kunna atburðir og aðstæður að lengja tímann til að ljúka sölunni umfram eitt ár. Lenging tímans sem þarf til að ljúka sölunni undanskilur ekki eign (eða eignasamstæðu) frá því að vera flokkuð í sölumeðferð ef töfin verður vegna atburða eða aðstæðna sem eru utan áhrifasviðs bankans og hann er enn staðráðinn í að selja eignina (eða eignasamstæðuna).

Þegar eignir eru flokkaðar sem eignir í sölumeðferð hefur bankinn ákveðið að þær uppfylli flokkunarviðmiðið.

#### (f) Frestuð skatteign

Frestuð skatteign er skráð í efnahagsreikning. Hvað varðar yfirfærnanlegt skattalegt tap þá er það skráð að svo miklu leyti sem líklegt er að skattskyldur hagnaður komi til sem nýta megi á móti tapinu. Beita þarf huglægu mati við að ákvarða fjárhæð frestuðu skatteignarinnar sem skuli skrá, eftir því hvenær líklegt er og hve mikill skattskyldur hagnaður er líklegur til framtíðar, ásamt stefnumörkun í skattahagræði.

#### (g) Laust fé

Lýkilviðmið samstæðunnar við að fylgjast með lausafjárahættu er hlutfall grunn lausafjáreigna og innlána. Við útreikning þessa hlutfalls þarf að beita huglægu mati við að ákveða hvaða eignir eru seljanlegar. Ennfremur er lánstími sumra eigna, sem eru í eftirstöðvagreiningu fjáreigna og -skulda sem fram kemur í skýringunum, til dæmis lán yfirtekin frá LBI hf., byggður á væntanlegu sjóðstreymi frekar en sammingsbundnum lánstíma. Til að áætla sjóðstreymi frá þessum fjáreignum verða stjórnendur að beita huglægu mati á fjárhagsstöðu skuldaranna og getu þeirra til að endurgreiða skuldir sínar, á hreint söluvirði allra undirliggjandi veða og tímasetningu sjóðstreymis.

#### (h) Gjaldmiðla- og vaxtaviðmið lánasamninga

Þann 15. febrúar 2012 og 18. október 2012 kvað Hæstiréttur upp dóma í tveimur málum er varða lán með ólögumatri gengistryggingu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að lánastofnun væri í tilteknum kringumstæðum ekki heimilt að reikna vexti Seðlabanka Íslands á lánsskuldbindingu, m.a. vegna þess að viðkomandi lánastofnun hafði gefið út fullnaðarkvittanir fyrir greiðslum vaxta. Samstæðan hefur tekið tillit til hugsanlegra fjárhagslegra áhrifa þessara tveggja dóma og gjaldfært í rekstrarreikningi fyrir samstæðuna 38.042 milljónir króna fyrir árið 2011 og 2.120 milljónir króna fyrir árið 2012. Gjaldfærslur þessar koma fram undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavinum“. Beðið er fleiri úrlausna dómstóla sem veita munu frekari leiðbeiningar um fordæmisgildi framangreindra dóma. Mat á væntum gjaldfærslum vegna þessa kann því að breytast.

Í skýringu 36, þar sem gerð er grein fyrir málaferlum gegn bankanum, er fjallað um mál (nr.4) þar sem deilt er um hvort lán sé lögmætt erlent lán eða lán í íslenskum krónum með ólögumatri gengisviðmiði. Í júnímánuði 2013 féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á það mat bankans að lánið væri lögmætt erlent lán. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Í málinu vísar bankinn til þess að lánið var í raun endurgreitt í erlendum gjaldmiðlum og telur að líta beri á lánið sem lögmætt erlent lán. Telji Hæstiréttur hins vegar að það skipti ekki máli í þessum aðstæðum í hvaða gjaldmiðli endurgreiðslan fór fram kann sú niðurstaða að setja fordæmi fyrir önnur sams konar lán og hafa veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir bankann. Bankinn kann því að þurfa að gjaldfæra 11.521 milljónir króna vegna þessa á komandi tímabilum.

Í nóvember 2013 úrskurðaði Hæstiréttur í máli gegn bankanum þar sem stefnandinn hafði gefið út skuldabréf með ólögumatri gengistryggingu. Stefnandinn endurgreiddi lánið að fullu með nýju láni og endurgreiddi síðar nýja lánið. Hæstiréttur taldi að vegna gengistryggingarupphaflega lánsins hefði höfuðstólsfjárhæð hins nýja láns, sem var notað til þess að greiða upphaflega lánið, verið of há. Hæstiréttur taldi að bankanum væri skylt að endurgreiða stefnanda mismuninn. Málið gæti haft áhrif með tilliti til annarra lána þar sem atvikum er eins háttáð.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 5. Starfspættir

Starfspættirnir bjóða mismunandi vörur og þjónustu og eru birtir í samræmi við innanhússkýrslur til bankastjóra og bankaráðs, sem eru ábyrg fyrir ráðstöfun fjármuna til starfspáttanna og mat á fjárhagslegum árangri þeirra.

Samstæðan samanstendur af fjórum lykilstarfspáttum:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum, minni og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjármálaþjónustu í gegnum útibúanet bankans.
- **Fyrirtækjasvið** býður stórum og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjármálaþjónustu. Býður fyrirtækjum, sem eru í greiðsluferfiðleikum með lán sín og eiga möguleika á að rétta stöðu sína, upp á lausnir til endurskipulagningar.
- **Markaðir** bjóða upp á miðlunarþjónustu í verðbréfum, gjalddeyri og afleiðum, skuldabréfa- og hlutabréfaútböð, peningamarkaðslán og ráðgjafarþjónustu. Bjóða einnig upp á viðtækt vöruúrval og þjónustu á sviði og eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta.
- **Fjárstýring** sér um ávöxtun óúthlutaðs eigin fjár, fjármögnun, lausafjárstýringu, millibankaviðskipti fyrir bankann og viðskiptavakt á peningamarkaði. Jafnframt stýrir Fjárstýring markaðsáhættu samstæðunnar.

Aðrir starfspættir samanstanda af nokkrum stoðdeildum bankans, eins og stoðdeildum Fjármála, Áhættustýringu, Þróun & Mannauði og Rekstur & Upplýsingatækni.

Jöfnunarfærslur samanstanda af viðskiptum og millifærslum sem ekki er hægt að deila niður á einhvern einn starfspátt.

Stjórnunarkostnaður stoðeilda bankans, sem má rekja beint til einstakra starfspátta, er deilt niður á viðeigandi starfspætti á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Aðrir starfspættir veita viðskiptaeiningum þjónustu og viðskipti eru gerð upp á einingaverði eða eins og um viðskipti væri að ræða milli óskyldra aðila, ef mögulegt er, á grundvelli neyslu eða virkni.

Eftirfarandi tafla er samantekt á fjárhagslegri frammistöðu hvers starfspátta, eins og þær upplýsingar sem eru sýndar í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað starfspátta fyrir skatta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með taldar vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfspátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Engar tekjur af viðskiptum við einn einstakan ytri viðskiptavin námu 10% eða meira af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2013 og 2012.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. desember 2013	Einstakl- ingssvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	17.615	14.364	443	3.552	(36)	(1.624)	34.314
Hrein virðisbreyting	68	12.899	-	(195)	281	-	13.053
Hreinar þjónustutekjur	2.667	565	2.463	116	(173)	(347)	5.291
Aðrar tekjur og (gjöld)	(1.331)	(1.062)	5.640	8.014	76	1.586	12.923
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>19.019</b>	<b>26.766</b>	<b>8.546</b>	<b>11.487</b>	<b>148</b>	<b>(385)</b>	<b>65.581</b>
Rekstrargjöld samtals	(8.170)	(1.357)	(2.129)	(1.286)	(14.670)	361	(27.251)
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	300	-	-	2.412	-	-	2.712
<b>Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar</b>	<b>11.149</b>	<b>25.409</b>	<b>6.417</b>	<b>12.613</b>	<b>(14.522)</b>	<b>(24)</b>	<b>41.042</b>
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til starfsþátta	(6.225)	(2.656)	(1.178)	(801)	10.860	-	0
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>4.924</b>	<b>22.753</b>	<b>5.239</b>	<b>11.812</b>	<b>(3.662)</b>	<b>(24)</b>	<b>41.042</b>
Hreinar tekjur vegna ytri viðskipta	13.084	40.569	8.217	3.977	120	-	65.967
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	5.935	(13.801)	329	7.510	27	-	0
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>19.019</b>	<b>26.768</b>	<b>8.546</b>	<b>11.487</b>	<b>147</b>	<b>0</b>	<b>65.967</b>
<b>31. desember 2013</b>							
<b>Eignir samtals</b>	502.120	406.896	59.238	558.637	22.846	(398.221)	1.151.516
<b>Skuldir samtals</b>	449.219	323.591	50.457	462.265	22.846	(398.221)	910.157
<b>Úthlutað eigið fé</b>	52.901	83.305	8.782	96.371	-	-	241.359

1. janúar - 31. desember 2012	Einstakl- ingssvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	17.395	17.739	194	1.728	(835)	(637)	35.584
Hrein virðisbreyting	(10.082)	1.743	-	269	3.679	-	(4.391)
Hreinar þjónustutekjur	2.381	403	2.035	247	(237)	(381)	4.448
Aðrar tekjur og (gjöld)	(149)	(24)	4.723	8.251	408	291	13.500
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>9.545</b>	<b>19.861</b>	<b>6.952</b>	<b>10.495</b>	<b>3.015</b>	<b>(727)</b>	<b>49.141</b>
Rekstrargjöld samtals	(7.028)	(1.161)	(1.506)	(1.537)	(13.207)	334	(24.105)
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	618	-	-	1.793	38	-	2.449
<b>Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar</b>	<b>3.135</b>	<b>18.700</b>	<b>5.446</b>	<b>10.751</b>	<b>(10.154)</b>	<b>(393)</b>	<b>27.485</b>
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til starfsþátta	(6.408)	(2.543)	(888)	(1.140)	10.979	-	0
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>(3.273)</b>	<b>16.157</b>	<b>4.558</b>	<b>9.611</b>	<b>825</b>	<b>(393)</b>	<b>27.485</b>
Hreinar tekjur vegna ytri viðskipta	2.973	36.367	6.647	578	3.303	-	49.868
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	6.572	(16.506)	305	9.917	(288)	-	0
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>9.545</b>	<b>19.861</b>	<b>6.952</b>	<b>10.495</b>	<b>3.015</b>	<b>0</b>	<b>49.868</b>
<b>31. desember 2012</b>							
<b>Eignir samtals</b>	486.318	403.379	33.051	539.568	37.387	(414.916)	1.084.787
<b>Skuldir samtals</b>	449.858	330.373	28.833	428.179	37.314	(414.916)	859.621
<b>Úthlutað eigið fé</b>	36.480	73.006	4.218	111.389	73	-	225.166

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Skýringar við samstæðuársreikning

#### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS 39 "Fjármálagerningar, Skráning og mat", ber að flokka fjáreignir og fjárskuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þessar eignir og skuldir eftir upphaflega skráningu þeirra. Um síðara mat hvers flokks fer sem hér segir:

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Veltufjáreignir og veltufjárskuldir, metnar á gangvirði;
- Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2013:

Fjáreignir	Lán og kröfur	Veltufjár- eignir/ skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Aðrar skuldir á gangvirði	Samtals bókfært virði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	21.520	-	-	-	-	21.520	21.520
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	111.902	151.894	26.799	-	-	290.595	292.329
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	3.965	32.310	-	-	36.275	36.275
Afleiðusamningar	-	654	-	-	-	654	654
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	67.916	-	-	-	-	67.916	67.916
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	680.468	-	-	-	-	680.468	685.159
Aðrar fjáreignir	6.366	-	-	-	-	6.366	6.366
<b>Samtals</b>	<b>888.172</b>	<b>156.513</b>	<b>59.109</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.103.794</b>	<b>1.110.219</b>
<b>Fjárskuldir</b>							
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	-	-	167.218	-	167.218	167.218
Innlán frá viðskiptavinum	-	-	-	456.662	-	456.662	456.637
Afleiðusamningar og skortstöður	-	7.571	-	-	-	7.571	7.571
Veðtryggð skuldabréf	-	-	-	239.642	-	239.642	239.642
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	12.320	-	12.320	12.320
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>7.571</b>	<b>0</b>	<b>875.842</b>	<b>0</b>	<b>883.413</b>	<b>883.388</b>

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2012:

Fjáreignir	Lán og kröfur	Veltufjár- eignir/ skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Aðrar skuldir á gangvirði	Samtals bókfært virði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25.898	-	-	-	-	25.898	25.898
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	113.203	100.950	14.055	-	-	228.208	228.641
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	1.107	35.774	-	-	36.881	36.881
Afleiðusamningar	-	1.043	-	-	-	1.043	1.043
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	64.349	-	-	-	-	64.349	64.349
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	666.087	-	-	-	-	666.087	674.417
Aðrar fjáreignir	10.481	-	-	-	-	10.481	10.481
<b>Samtals</b>	<b>880.018</b>	<b>103.100</b>	<b>49.829</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.032.947</b>	<b>1.041.710</b>
<b>Fjárskuldir</b>							
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	-	-	98.718	-	98.718	98.718
Innlán frá viðskiptavinum	-	-	-	421.058	-	421.058	420.856
Afleiðusamningar og skortstöður	-	9.438	-	-	-	9.438	9.438
Veðtryggð skuldabréf	-	-	-	221.791	-	221.791	221.791
Skilyrt skuldabréf	-	-	-	-	87.474	87.474	87.474
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	14.369	-	14.369	14.369
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>9.438</b>	<b>0</b>	<b>755.936</b>	<b>87.474</b>	<b>852.848</b>	<b>852.646</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda var ákvarðað út frá eftirfarandi aðferðum og forsendum. Hvað varðar fjáreignir og fjárskuldir í erlendri mynt er tekið mið af gengi erlendra gjaldmiðla á greinanlegum mörkuðum með stundarviðskipti, framvirka samninga og staðlaða framvirka samninga.

#### Innstæður í Seðlabanka

Bókfært virði innstæðna í Seðlabanka er eðlilegt mat á gangvirði þeirra.

#### Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Yfirleitt er hægt að nálgast upplýsingar um verð á markaði á ríkisskuldabréfum og ákveðnum skuldabréfum fyrirtækja. Þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir er gangvirði metið með því að leggja skuldarálag við verð á markaði fyrir svipuð skuldabréf eða viðeigandi vaxtaferla.

Fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem eru í vanskilum eða eiga í miklum greiðsluferfiðleikum er gangvirði metið út frá endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfall byggir á upplýsingum úr efnahagsreikningi, eða sérfræðilíti.

Þar sem það liggur fyrir er skuldarálag leitt af verðum skuldatrygginga („credit default swap“) eða öðrum skuldagerningum, svo sem skuldabréfum. Í öðrum tilfellum er skuldarálag fengið frá matsfyrirtækjum. Skuldarálag mótaðila er metið út frá láns hæfi mótaðilans ef hann er annar en gert er ráð fyrir á markaði.

#### Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

Almennt er auðvelt að nálgast verð á markaði á hlutum fyrirtækja sem skráð eru í kauphallir heims og helstu vísitölur slíkra hlutabréfa. Ef ekki er hægt að nálgast slíkar upplýsingar er gangvirði metið út frá markaðsvirði og afkomukennitölum svipaðra verðbréfa, nýlegum viðskiptum eða núvirtum sjóðstreymisaðferðum.

#### Afleiðusamningar

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað með matsaðferðum sem byggja aðallega á flókt- og fylgnistuðlum sem fengnir eru úr tilboðsverðum miðlara, verðlagningaraðilum eða reiknaðir út frá valréttarverði.

#### Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki

Útlán og kröfur á banka eru meðal annars millibankaviðskipti og aðrar kröfur milli banka. Bókfært virði ávöxtunar fjármuna sem bera fljóttandi vexti og ávöxtunar fjármuna yfir nótt telst eðlilegt mat á gangvirði þeirra.

#### Útlán og kröfur á viðskiptavinum

Áætlað gangvirði útlána og krafna endurspeglar núvirta fjárhæð áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem búist er við að innheimtist af lánunum í framtíðinni á grundvelli framtíðar endurheimtuhlutfalli lánanna. Endurheimtuhlutfall og tap að gefnum vanefndum er notað sem inntak í matslíkön sem vísbending um hversu þungt töp vegna vanskila vega. Lánin eru flokkuð eftir tegund og áætlað sjóðstreymi af hverju láni er metið þannig að gert er ráð fyrir mánaðarlegu sjóðstreymi fyrsta árið eftir að reikningsskilatímabilinu lýkur, sem ársreikningur þessi nær til, en eftir það er gert ráð fyrir sjóðstreymi í lok júní á hverju ári. Gangvirðið er fengið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með núverandi markaðsvöxtum.

#### Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka eru endurverðlagðar minnst mánaðarlega og því er áætlað gangvirði þeirra það sama og bókfært virði.

#### Innlán frá viðskiptavinum

Innlán frá viðskiptavinum eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Munurinn frá gangvirði er mismunurinn á núgildandi markaðsvöxtum og upphaflegum vöxtum innlánanna.

#### Skortstöður

Skortstöður eru teknar í íslenskum ríkisskuldabréfum sem eru með skráð markaðsverð.

#### Veðtryggð skuldabréf

Gangvirði veðtryggðu skuldabréfanna jafngildir bókfærðu virði þeirra þar sem skuldabréfin voru núvirt við upphaflega skráningu á markaðsvöxtum og engar marktækar breytingar hafa átt sér stað á markaðsvöxtum fyrir þessi veðtryggðu skuldabréf frá upphaflegri skráningu þeirra.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

#### Skilyrt skuldabréf

Í apríl 2013 var skilyrta skuldabréfið gefið út í formi veðtryggðra skuldabréfa í erlendum myntum að jafngildi 92.000 milljónir króna, sjá skýringu 18. Um leið og veðtryggðu skuldabréfin voru gefin út og skráð sem fjárskuld var skilyrta skuldabréfið afskráð sem fjárskuld.

Skilyrta skuldabréf bankans var flokkað sem fjárskuld og var metið á gangvirði. Allur hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði var skráður undir liðnum „Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs“ í rekstrarreikningi.

#### Prepaskipting gangvirðis

Bankinn notar prepaskiptingu til að skýra mismunandi inntak í mati á gangvirði. Prepaskiptingin raðar inntökum í þrjú almenn þrep á eftirfarandi hátt:

- 1. þrep: Skráð verð eigna og skulda sem átt er viðskipti með á virkum mörkuðum. Óleiðrétt skráð verð er mælikvarðinn á gangvirði.
- 2. þrep: Matsaðferð sem byggir á greinilegu inntaki. Nýjasta viðskiptaverð í tengingu við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir er notað við að ákvarða gangvirði hlutabréfa og ávöxtunarkrafa skuldabréfa með sömu tímalengd, sem eru virk í viðskiptum, er notuð sem viðmið við verðmat á skuldabréfum.
- 3. þrep: Verðmatsaðferð sem byggir á mikilvægu ógreinilegu inntaki. Tekur til allra eigna og skulda þar sem verðmatsaðferðin felur í sér inntak sem byggir ekki á greinilegum gögnum og ógreinilega inntakið hefur mikilvæg áhrif á verðmatið. Fyrir óskráð hlutabréf og skuldabréf, þar sem engar markaðsupplýsingar liggja fyrir, er ýmsum almennt viðurkenndum verðmatsaðferðum beitt við mat á gangvirði. Verðmat sem byggir á sjóðstreymi eða samanburði á kennitölum sambærilegra fyrirtækja eru algengustu aðferðirnar við að reikna út gangvirði óskráðra hlutabréfa, auk nýlegra viðskipta og ríkjandi markaðsskilyrða.

Forsendur og inntak þessarar verðmatsaðferðar eru m.a. áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir til að meta ávöxtunarkröfu, vaxtaálag, skuldabréfa- og hlutabréfaverð, gengi erlendra gjaldmiðla, kennitölur á markaði, markaðsskilyrði við mat á framtíðar vexti og aðra markaðsvísu.

#### Ákvörðunarferill verðmats í 2. og 3. þrepi

Áhættu og fjármálanefnd bankans er ábyrg fyrir gangvirðismati fjáreigna og fjárskulda sem flokkaðar eru í 2. og 3. þrep.

Verðmatsnefnd leggur fyrir áhættu- og fjármálanefnd verðmat til samþykktar. Verðmatsnefndin er skipuð fulltrúum frá Áhættustýringu, Fjárstýringu og Reikningshaldi. Verðmatsnefndin heldur fundi mánaðarlega til að ákveða verðmat á fjáreignum og fjárskuldum í 2. og 3. þrepi prepaskiptingarinnar.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir þau þrep sem gangvirði fjáreigna og fjárskulda, sem færðar eru á gangvirði í efnahagsreikninginn, eru flokkuð í þann 31. desember 2013:

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	152.472	15.547	10.674	178.693
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	8.209	1	28.064	36.275
Afleiðusamningar	-	654	-	654
<b>Samtals</b>	<b>160.681</b>	<b>16.202</b>	<b>38.738</b>	<b>215.622</b>
<b>Fjárskuldir</b>				
Afleiðusamningar	-	583	-	582
Skortstöður	6.988	-	-	6.988
<b>Samtals</b>	<b>6.988</b>	<b>583</b>	<b>0</b>	<b>7.571</b>

Á árinu 2013 var flutningur milli 1. þreps og 2. þreps vegna breytinga á markaðsaðstæðum. Verðmyndum á vissum verðbréfum er virkari og óbreytt markaðsverð því nothæfur mælikvarði á gangvirði. Verðbréf þessi að bókfærðu virði 30 milljarðar króna voru flutt úr 2. þrepi yfir í 1. þrep í gangvirðis þrepaskiptingunni.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þau þrep sem gangvirði fjáreigna og fjárskulda, sem færðar eru á gangvirði í efnahagsreikninginn, eru flokkuð í þann 31. desember 2012:

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	63.751	40.643	10.611	115.005
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	4.212	2.792	29.877	36.881
Afleiðusamningar	-	1.043	-	1.043
<b>Samtals</b>	<b>67.963</b>	<b>44.478</b>	<b>40.488</b>	<b>152.929</b>
<b>Fjárskuldir</b>				
Afleiðusamningar	-	519	-	519
Skortstöður	8.919	-	-	8.919
Skilyrt skuldabréf	-	-	87.474	87.474
<b>Samtals</b>	<b>8.919</b>	<b>519</b>	<b>87.474</b>	<b>96.912</b>

Árið 2012 voru engar tilfærslur milli þrepa.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda bankans sem ekki eru metnar á gangvirði 31. desember 2013:

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	21.520	-	21.520
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	102.033	11.603	-	113.636
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	-	67.916	-	67.916
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	-	509.128	176.031	685.159
Aðrar fjáreignir	-	6.366	-	6.366
<b>Samtals</b>	<b>102.033</b>	<b>616.533</b>	<b>176.031</b>	<b>894.597</b>
<b>Fjárskuldir</b>				
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	167.218	-	167.218
Innlán frá viðskiptavinum	-	456.637	-	456.637
Veðtryggt skuldabréf	-	239.642	-	239.642
Aðrar fjárskuldir	-	12.320	-	12.320
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>875.817</b>	<b>0</b>	<b>875.817</b>

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda bankans sem ekki eru metnar á gangvirði 31. desember 2012:

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	25.898	-	25.898
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	100.719	12.917	-	113.636
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	-	64.349	-	64.349
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	-	401.211	273.206	674.417
Aðrar fjáreignir	-	10.481	-	10.481
<b>Samtals</b>	<b>100.719</b>	<b>514.856</b>	<b>273.206</b>	<b>888.781</b>
<b>Fjárskuldir</b>				
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	98.718	-	98.718
Innlán frá viðskiptavinum	-	420.856	-	420.856
Veðtryggt skuldabréf	-	221.791	-	221.791
Skilyrt skuldabréf	-	-	87.474	87.474
Aðrar fjárskuldir	-	14.369	-	14.369
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>755.734</b>	<b>87.474</b>	<b>843.208</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir afstemmingu á mati á gangvirði í 3. þrepi fyrir árin 2013 og 2012:

	Skuldabréf	Hlutabréf	Samtals fjáreignir	Skilyrt skuldabréf
<b>1. janúar - 31. desember 2013</b>				
Bókfært verð 1. janúar 2013	10.611	29.877	40.488	(87.474)
Samtals hagnaður færður í rekstrarreikning	474	5.561	6.035	6.212
Breyting á skilyrtu skuldabréfi	-	-	-	(4.691)
Kaup	-	56	56	-
Sala	(436)	(8.432)	(8.868)	-
Uppgjör	25	-	25	85.953
Dóttufélag bankans í slitameðferð	-	1.002	1.002	-
<b>Bókfært verð 31. desember 2013</b>	<b>10.674</b>	<b>28.064</b>	<b>38.738</b>	<b>0</b>
<b>1. janúar - 31. desember 2012</b>				
Bókfært verð 1. janúar 2012	11.603	28.259	39.862	(60.826)
Samtals hagnaður (tap) fært í rekstrarreikning	462	5.061	5.523	(26.648)
Kaup	-	2.629	2.629	-
Sala	(40)	(6.281)	(6.321)	-
Uppgjör	(1.414)	209	(1.205)	-
<b>Bókfært verð 31. desember 2012</b>	<b>10.611</b>	<b>29.877</b>	<b>40.488</b>	<b>(87.474)</b>

Töflurnar hér fyrir neðan sýna liði rekstrarreiknings þar sem heildar hagnaður (tap) var færður árin 2013 og 2012 vegna mats á gangvirði í 3. þrepi:

	Skuldabréf	Hlutabréf	Skilyrt skuldabréf	Samtals
<b>1. janúar - 31. desember 2013</b>				
Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	-	-	1.319	1.319
Vaxtagjöld	-	-	(623)	(623)
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.045	6.300	-	7.345
Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	(571)	(739)	5.516	4.206
<b>Samtals</b>	<b>474</b>	<b>5.561</b>	<b>6.212</b>	<b>12.247</b>
<b>1. janúar - 31. desember 2012</b>				
Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	-	-	(27.331)	(27.331)
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	643	4.534	-	5.177
Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	(181)	527	683	1.029
<b>Samtals</b>	<b>462</b>	<b>5.061</b>	<b>(26.648)</b>	<b>(21.125)</b>

Taflan hér fyrir neðan sýnir þá liði rekstrarreikningsins á árunum 2013 og 2012 sem heildar hagnaður (tap) var færður á vegna mats á gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem flokkaðar eru í 3. þrep:

	Skuldabréf	Hlutabréf	Skilyrt skuldabréf	Samtals
Vaxtagjöld	-	-	(623)	(623)
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.030	488	-	1.518
Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)	(563)	(5)	5.516	4.948
<b>Samtals</b>	<b>467</b>	<b>483</b>	<b>4.893</b>	<b>5.843</b>



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

#### Ógreinilegt inntak í gangvirðismati

Eftirfarandi tafla sýnir ógreinilegt inntak í gangvirðismati fyrir árið 2013.

31. desember 2013	Eignir	Skuldir	Verðmats- aðferð	Ógreinilegt lykil inntak	Inntaksbil	
					Lægra	Hærra
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	10.674	-	Sjá #1	Sjá #1	e/v	e/v
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	28.064	-	Sjá #2	Sjá #2	e/v	e/v
	<b>38.738</b>	<b>0</b>				

Taflan fyrir ofan veitir upplýsingar um fjáreignir og fjárskuldir í 3. þrepi þrepaskiptingarinnar. Frekari lýsing á flokkunum er eftirfarandi:

1. Gangvirði skuldabréfa fyrirtækja og krafna á fjármálastofnanir í slitameðferð og annarra illseljanlegra eigna er metið á grundvelli greiningar á fjárhagsstöðu þrotabúanna og væntra endurheimtna. Viðmið er einnig haft við verð í nýlegum viðskiptum. Að gefnu eðli verðmatsaðferðarinnar liggur bil ógreinilegs lykil inntaks ekki fyrir.

2. Hlutabréf flokkuð sem eignir í 3. þrepi eru óskráð hlutabréf sem ekki er átt viðskipti með á virkum markaði og lúta því ógreinilegu inntaki við mat á gangvirði. Í verðmatsaðferðum eða inntaki við mat á gangvirði fjárfestinga í hlutabréfum er almennt stuðst við sjóðstreymi, samanburð við kennitölur sambærilegra fyrirtækja, greiningu á fjárhagsstöðu og frammistöðu, horfur og nýleg viðskipti. Að gefnu eðli verðmatsaðferðarinnar liggur bil ógreinilegs lykil inntaks ekki fyrir.

#### Áhrif ógreinanlegs inntaks við mat á gangvirði

Þó að samstæðan telji að mat þess á gangvirði sé viðeigandi gæti notkun á öðrum matsaðferðum og forsendum skilað öðrum niðurstöðum fyrir mat á gangvirði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þau áhrif sem mögulegar breytingar á einu eða fleiri inntaki við mat á gangvirði í 3. þrepi myndi hafa á hagnað (tap) fyrir skatta:

	Áhrif á hagnað fyrir skatta	
	Hagkvæm	Óhagkvæm
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	534	(534)
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	1.200	(1.195)
<b>Samtals</b>	<b>1.734</b>	<b>(1.729)</b>

Áhrifin á hagnað (tap) var reiknað með þeim aðferðum sem eiga við þau líkön sem notuð voru. Ógreinanlegu lykil inntaki var breytt um +/- 5%.

### 7. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

	2013	2012
Handbært fé	3.465	2.749
Endurhverf verðbréfasala	10.013	21.178
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	1.586	-
<b>Samtals handbært fé og óbundnar innstæður í Seðlabanka</b>	<b>15.064</b>	<b>23.927</b>
Bindiskylda við Seðlabanka	6.456	1.971
<b>Samtals sjóður og innstæður í Seðlabanka</b>	<b>21.520</b>	<b>25.898</b>

Samstæðan hefur gert endurhverfa verðbréfasölusamninga við Seðlabanka Íslands. Samkvæmt samningunum, sem eru til skamms tíma í senn, fékk samstæðan afhent innstæðubréf útgefin af Seðlabankanum og skuldbatt sig til að endurselja bréfin Seðlabankanum á fyrirfram ákveðnu verði í lok samningstímans. Samstæðan skráir ekki innstæðubréfin sem sína eign vegna þess að samstæðan ber ekki alla áhættuna eða ávinninginn af eignarhaldi bréfanna. Hins vegar afskráði samstæðan reiðufé sem greitt var til Seðlabankans og skráði á móti kröfu á Seðlabankann, þar með talið áfallna vexti.

Bankinn er með bundna innstæðu á reikningi hjá Seðlabanka. Meðalinnstæða á reikningnum í hverjum mánuði má ekki vera lægri en ákvæði laga um bindiskyldu kveða á um, sem nam 7.857 milljónum fyrir desember 2013 (desember 2012: 7.262 milljónir). Innstæða umfram þau mörk er laus til nota fyrir bankann. Bankinn hefur óhindraðan aðgang að öðrum sjóðum og innstæðum í Seðlabanka.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 8. Skuldabréf og hlutabréf

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	2013				2012			
	Lán og kröfur	Veltufjár-eignir	Fjáreignir á gangvirði	Samtals	Lán og kröfur	Veltufjár-eignir	Fjáreignir á gangvirði	Samtals
<b>Innlend</b>								
Skráð	111.902	38.152	612	150.666	113.203	45.251	1.820	160.274
Óskráð	-	1.619	26.187	27.806	-	-	11.837	11.837
	<b>111.902</b>	<b>39.771</b>	<b>26.799</b>	<b>178.472</b>	<b>113.203</b>	<b>45.251</b>	<b>13.657</b>	<b>172.111</b>
<b>Erlend</b>								
Skráð	-	112.123	-	112.123	-	55.699	-	55.699
Óskráð	-	-	-	0	-	-	398	398
	<b>0</b>	<b>112.123</b>	<b>0</b>	<b>112.123</b>	<b>0</b>	<b>55.699</b>	<b>398</b>	<b>56.097</b>
<b>Skuldabréf samtals</b>	<b>111.902</b>	<b>151.894</b>	<b>26.799</b>	<b>290.595</b>	<b>113.203</b>	<b>100.950</b>	<b>14.055</b>	<b>228.208</b>
<b>Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum</b>								
<b>Innlend</b>								
Skráð	-	3.047	775	3.822	-	1.105	996	2.101
Óskráð	-	917	28.846	29.763	-	-	31.362	31.362
	<b>0</b>	<b>3.964</b>	<b>29.621</b>	<b>33.585</b>	<b>0</b>	<b>1.105</b>	<b>32.358</b>	<b>33.463</b>
<b>Erlend</b>								
Skráð	-	1	2.617	2.618	-	2	561	563
Óskráð	-	-	72	72	-	-	2.855	2.855
	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2.689</b>	<b>2.690</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>3.416</b>	<b>3.418</b>
<b>Hlutabréf samtals</b>	<b>0</b>	<b>3.965</b>	<b>32.310</b>	<b>36.275</b>	<b>0</b>	<b>1.107</b>	<b>35.774</b>	<b>36.881</b>
<b>Samtals skuldabréf og hlutabréf</b>	<b>111.902</b>	<b>155.859</b>	<b>59.109</b>	<b>326.870</b>	<b>113.203</b>	<b>102.057</b>	<b>49.829</b>	<b>265.089</b>

Skuldabréf og hlutabréf eru flokkuð sem „innlend“ eða „erlend“ eftir því í hvaða landi útgefandinn er skráður.

Skuldabréf og skuldageringar sem flokkuð eru sem lán og kröfur þann 31. desember 2013 og 2012 samanstanda að hluta til af ríkisskuldabréfum sem bankinn fékk afhent sem hluta af uppgjöri á hlutafjárframlagi á árinu 2009. Bréfin voru skráð í Kauphöllina á árinu 2010.

### 9. Afleiðusamningar og skortstöður

Gjaldeyrissamningar	2013			2012		
	Nafnverðs-fjárhæð	Gangvirði Eignir	Skuldir	Nafnverðs-fjárhæð	Gangvirði Eignir	Skuldir
Framvirkir gjaldeyrissamningar	43.608	637	68	57.302	1.040	113
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	1.098	-	453	1.506	-	377
	<b>44.706</b>	<b>637</b>	<b>521</b>	<b>58.808</b>	<b>1.040</b>	<b>490</b>
<b>Vaxtaafleiður</b>						
Vaxtaskiptasamningar	5.178	3	9	4.668	3	8
	<b>5.178</b>	<b>3</b>	<b>9</b>	<b>4.668</b>	<b>3</b>	<b>8</b>
<b>Hlutabréfaafleiður</b>						
Hlutabréfasamningar	2.067	14	52	562	-	21
	<b>2.067</b>	<b>14</b>	<b>52</b>	<b>562</b>	<b>0</b>	<b>21</b>
<b>Skortstöður – skráð skuldabréf</b>	-	-	6.988	-	-	8.918
<b>Samtals</b>	<b>51.951</b>	<b>654</b>	<b>7.571</b>	<b>64.038</b>	<b>1.043</b>	<b>9.438</b>

Samstæðan notar afleiður bæði til áhættuvarnar og í veltubókarviðskiptum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 10. Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki

	2013	2012
Bankareikningar hjá fjármálafyrirtækjum	4.863	8.559
Peningamarkaðslán	49.625	37.769
Yfirdráttarlán	6.394	7.726
Önnur útlán	7.034	10.295
<b>Samtals</b>	<b>67.916</b>	<b>64.349</b>

### 11. Útlán og kröfur á viðskiptavini

	2013	2012
Opinberir aðilar	10.149	11.682
Einstaklingar	217.719	207.608
Fyrirtæki	503.544	490.827
Fráðregið: Framlag vegna virðisrýrnunar	(50.944)	(44.030)
<b>Samtals</b>	<b>680.468</b>	<b>666.087</b>

Á uppgjörstímabilinu var samstæðunni óheimilt að selja eða framselja veð nema til kæmu vanskil af hálfu eiganda veðsins.

Frekari upplýsingar um útlán og kröfur má finna í skýringunum um áhættustýringu.

### 12. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum

a) Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum sem færð eru samkvæmt hlutdeildaraðferð	2013	2012
Bókfært verð í upphafi árs	15.528	11.678
Kaup	2.468	1.334
Endurflokkun úr eignum til sölu	(4)	2.665
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð, eftir skatta	2.712	2.449
Sala og fenginn arður	(6.480)	(2.598)
<b>Samtals</b>	<b>14.224</b>	<b>15.528</b>

	Samtals eignir	Samtals skuldir	Hagnaður/ (tap)	Eignar- hlutur	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
<b>31. desember 2013*</b>						
Valitor Holding hf.	42.527	35.058	(352)	38%	(137)	2.905
Framtakssjóður Íslands slhf.	35.862	3.669	7.636	28%	2.134	8.882
Borgun hf.	24.914	21.899	960	31%	301	960
Reiknistofa bankanna hf.	2.186	522	91	37%	3	613
Motus ehf.	714	390	225	48%	137	191
Auðkenni hf.	287	38	(163)	20%	(39)	50
IEI slhf.	2.251	-	-	28%	-	621
Reginn hf.	-	-	-	-	315	0
Aðrir	-	-	-	-	(1)	2
<b>Samtals</b>	<b>108.742</b>	<b>61.576</b>	<b>8.397</b>		<b>2.712</b>	<b>14.224</b>

	Samtals eignir	Samtals skuldir	Hagnaður/ (tap)	Eignar- hlutur	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
<b>31. desember 2012*</b>						
Valitor Holding hf.	43.391	35.098	918	38%	352	3.155
Framtakssjóður Íslands slhf.	29.526	118	6.014	28%	1.660	8.113
Reginn hf.	28.004	16.811	533	25%	133	2.798
Borgun hf.	20.599	18.548	654	31%	204	660
Reiknistofa bankanna hf.	2.187	478	91	37%	34	629
Motus ehf.	569	355	129	40%	62	125
Auðkenni hf.	224	32	21	20%	4	38
Aðrir	-	-	-	-	0	10
<b>Samtals</b>	<b>124.500</b>	<b>71.440</b>	<b>8.360</b>		<b>2.449</b>	<b>15.528</b>

\* Fjárhæðirnar fyrir árin 2012 og 2013 eru áætlaðar fjárhæðir en ekki endanlegar fjárhæðir í lok hvors árs um sig, ef endanlegar fjárhæðir lágu ekki fyrir.

Samstæðan seldi 25% hlut sinn í Reginn á árinu 2013. Öll hlutdeildarfélagin eru óskráð.

Í árslok 2013 eru óáðregin skuldbindandi fjárfestingarloforð bankans gagnvart Framtakssjóði Íslands slhf. (FSÍ) að fjárhæð 3.121 milljónir króna (2012: 6.158 milljónir) og gagnvart IEI slhf. (IEI) eru þau að fjárhæð 1.242 milljónir króna (2012: 0 milljónir). Báða fjárhæðirnar jafngilda 27,6% af óáðregnum skuldbindandi fjárfestingarloforðum í FSÍ og IEI. FSÍ og IEI ber báðum skylda til að ráðstafa andvirði af sölu eigna aftur til hluthafa. Gangvirði fjárfestingar bankans í FSÍ er af hálfu FSÍ sjálfs metið hærra en bókfært virði um sem nemur 4.031 milljón króna. Gangvirði fjárfestingar bankans í IEI er af hálfu IEI sjálfs metið hærra en bókfært virði um sem nemur 1.405 milljónum króna.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 12. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum (framhald)

#### b) Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem færð eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Þrjár af fjárfestingunum í hlutdeildarfélögum eru í heild sinni flokkaðar reikningshaldslega sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og koma fram í efnahagsreikningnum undir liðnum "Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum". Fjárfestingar þessar eru 49,9% hlutur í Promens hf., 29,6% hlutur í Reitum hf. og 21,2% hlutur í Eyrir Invest hf.

### 13. Rekstrarfjármunir

	2013			2012		
	Fasteignir	Innréttingar tækja- búnaður og bifreiðar	Samtals	Fasteignir	Innréttingar tækja- búnaður og bifreiðar	Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	4.466	2.310	6.776	4.531	1.906	6.437
Viðbætur á árinu	-	820	820	61	788	849
Selt á árinu	(1.581)	(7)	(1.588)	(28)	(29)	(57)
Afskriftir	(75)	(493)	(568)	(98)	(355)	(453)
<b>Bókfært verð 31. desember</b>	<b>2.810</b>	<b>2.631</b>	<b>5.440</b>	<b>4.466</b>	<b>2.310</b>	<b>6.776</b>
Bókfært verð alls	3.135	5.950	9.085	4.820	5.158	9.978
Uppsafnaðar afskriftir	(326)	(3.319)	(3.645)	(354)	(2.848)	(3.202)
<b>Bókfært verð 31. desember</b>	<b>2.810</b>	<b>2.631</b>	<b>5.440</b>	<b>4.466</b>	<b>2.310</b>	<b>6.776</b>
Afskriftarhlutföll	2-4%	10-33%		2-4%	10-33%	
<b>Opinbert verðmat fasteigna 31. desember</b>					<b>2013</b>	<b>2012</b>
Fasteignamat					3.948	4.998
Brunabótamat					8.817	12.556
<b>Afskriftir og niðurfærsla færð í rekstrarreikning samanstendur af:</b>					<b>2013</b>	<b>2012</b>
Afskriftir rekstrarfjármuna					568	453
Niðurfærsla óefnislegra eigna					249	266
<b>Samtals</b>					<b>818</b>	<b>719</b>

### 14. Óefnislegar eignir

	2013	2012
<b>Hugbúnaður</b>		
Bókfært verð í upphafi árs	541	681
Viðbætur á árinu	293	126
Afskriftir	(249)	(266)
<b>Bókfært verð 31. desember</b>	<b>585</b>	<b>541</b>
Afskriftarhlutföll	20-33%	20-33%
Bókfært verð alls	1.863	1.571
Uppsafnaðar afskriftir	(1.278)	(1.030)
<b>Bókfært verð 31. desember</b>	<b>585</b>	<b>541</b>

### 15. Aðrar eignir

	2013	2012
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	863	1.877
Aðrar óinnheimtar kröfur	3.248	3.555
Krafa á LBI hf. vegna dómsúrskurðar	2.255	5.049
Ýmsar eignir	2.449	3.627
<b>Samtals</b>	<b>8.816</b>	<b>14.108</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 16. Eignir í sölumeðferð

	2013	2012
Fullnustueignir	17.213	25.221
Eignasamstæður til sölu	7.810	99
<b>Samtals</b>	<b>25.023</b>	<b>25.320</b>

#### Fullnustueignir

Fullnustueignir eru aðallega fastafjármunir sem samstæðan hefur eignast við að ganga að veðum fyrir útlánnum og kröfum. Það er stefna bankans að selja slíkar eignir fljótt og á skipulegan hátt. Samstæðan notar almennt ekki fullnustueignir sem eru ekki fjáreignir í eigin þágu. Fullnustueignir eru skráðar annað hvort sem eignir bankans eða dótturfélags hans Hamla ehf.

Fullnustueignir	2013	2012
Bókfært verð í upphafi árs	25.221	51.711
Innheimt á árinu	11.543	11.684
Selt á árinu	(16.366)	(37.979)
Niðurfærsla og sölutap eigna	(3.185)	(195)
<b>Bókfært verð 31. desember</b>	<b>17.213</b>	<b>25.221</b>

#### Eignasamstæður í sölumeðferð

Eignasamstæður í sölumeðferð samanstanda af eignum og skuldum dótturfélaga sem hafa verið keypt af bankanum eingöngu með endursölu í huga.

Hagnaður (tap) á árinu vegna aflagðrar starfsemi sem kemur fram í rekstrarreikningnum samanstendur af afkomu þeirra dótturfélaga sem bankinn hefur eingöngu keypt til endursölu þar sem þau falla undir skilgreiningu á aflagðri starfsemi samkvæmt IFRS 5.

### 17. Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka

	2013	2012
Skuldir og endurkaupasamningar við Seðlabanka	115	180
Skuldir og innlán hjá fjármálafyrirtækjum	167.103	98.538
<b>Samtals</b>	<b>167.218</b>	<b>98.718</b>

### 18. Innlán frá viðskiptavinum

	2013	2012
Óbundin innlán	345.086	310.088
Bundin innlán	111.575	110.970
<b>Samtals</b>	<b>456.662</b>	<b>421.058</b>

### 19. Veðtryggð skuldabréf

31.12.2013	Gjaldmiðill	Gjalddagi	Eftirstöðvar höfuðstóls	Samningsbundnir vextir	Bókfært verð
EUR Skuldabréf	EUR	9.10.2018	€ 755 milljónir	EURIBOR + 2,90 %	119.808
GBP Skuldabréf	GBP	9.10.2018	£ 241 milljónir	LIBOR + 2,90 %	45.877
USD Skuldabréf	USD	9.10.2018	\$ 625 milljónir	LIBOR + 2,90 %	72.032
<b>Samtals útgefin skuldabréf til LBI hf.</b>					<b>237.717</b>

31.12.2013	Gjaldmiðill	Gjalddagi	Eftirstöðvar höfuðstóls	Samningsbundnir vextir	Bókfært verð
LBANK CB 16	ISK	10.6.2016	1.860 milljónir	6,3 %	1.925
<b>Sértryggð skuldabréf samtals</b>					<b>1.925</b>

**Veðtryggð skuldabréf samtals 31.12.2013** **239.642**

31.12.2012	Gjaldmiðill	Gjalddagi	Eftirstöðvar höfuðstóls	Samningsbundnir vextir	Bókfært verð
EUR Skuldabréf	EUR	9.10.2018	€ 649 milljónir	EURIBOR +1,75/2,90 %	109.380
GBP Skuldabréf	GBP	9.10.2018	£ 205 milljónir	LIBOR +1,75/2,90 %	42.397
USD Skuldabréf	USD	9.10.2018	\$ 548 milljónir	LIBOR +1,75/2,90 %	70.014
<b>Samtals útgefin skuldabréf til LBI hf.</b>					<b>221.791</b>

**Veðtryggð skuldabréf samtals 31.12.2012** **221.791**

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 19. Veðtryggð skuldabréf (framhald)

Þann 12. október 2010 gaf bankinn út veðtryggð skuldabréf til LBI hf. (sjá skýringu 37) sem hluta af kaupverði bankans á starfsemi Landsbanka Íslands hf. á Íslandi. Þessi skuldabréf eru gefin út í EUR, GBP og USD og bera vexti frá október 2008. Bókfært virði bréfanna þann 31. desember 2013 og 2012 fela í sér virka vexti EURIBOR/LIBOR+2,90%.

Bréfin eru á gjalddaga í október 2018 með ársfjórðungslegum afborgunum frá og með árinu 2014. Vextir eru 3ja mánaða EURIBOR á evruskuldabréfinu og 3ja mánaða LIBOR vextir eru á skuldabréfunum í sterlingspundum og bandaríkjadöllum, auk 1,75% álags fyrstu 5 árin og 2,90% álags síðustu 5 árin. Fyrsta vaxtagreiðslan fór fram þann 12. október 2010. Frá og með 30. júní 2010 gátu eigendur bréfanna farið fram á það að bankinn breytti bréfunum í Eurobond. Við slíka umbreytingu mun bankinn leitast við að skrá slík bréf í viðurkennda kauphöll eins fjótt og unnt er eftir breytinguna. Skuldabréfaeigendurnir hafa ekki ennþá nýtt sér þennan rétt sinn.

Í apríl 2013 gaf bankinn út veðtryggð skuldabréf til LBI hf. í erlendum myntum að jafngildi 92.000 milljóna króna, til viðbótar þeim sem áður höfðu verið gefin út. Skuldabréfin voru gefin út í EUR (50%), USD (30%) og GBP (20%) og eru vaxtakjörin þau sömu og eru á bréfunum sem gefin voru út í október 2010. Skuldabréf þessi voru gefin út í samræmi við samning frá desember 2009 um fjárhagsuppgjör milli bankans, LBI hf. og ríkisins og í kjölfar niðurstöðu óháðs mats- og úrskurðaraðila, Deloitte UK LLP, um viðbótar endurgjald fyrir eignir og skuldir sem fluttar voru frá LBI hf. til bankans þann 9. október 2008. Virði veðtryggðu bréfanna var háð gangvirði tiltekinna safna af eignum þann 31. desember 2012 umfram framtíðarvirði á sömu eignum sem voru yfirteknar þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar. Þessi viðbótar útgáfa af veðtryggðu bréfunum náði því hámarks þaki sem sett var fram í framangreindum samningi um fjárhagsuppgjör og kemur í stað skilyrta bréfsins sem birtar eru upplýsingar um í fyrri ársreikningum bankans. Í staðinn fyrir þessi veðtryggðu skuldabréf lét LBI hf. af hendi allan eignarhlut sinn í Landsbankanum til ríkisins og Landsbankans.

Í febrúar 2013 greiddi bankinn fyrirfram 2.201 milljón króna af veðtryggðu skuldabréfunum, sem gefin voru út í október 2010, vegna skyldubundins fyrirframgreiðsluákvæðis tengdri eignasölu. Samkvæmt þessu ákvæði á bankinn að innleysa þann hluta höfuðstólsfjárhæðar skuldabréfanna sem nemur 50% af því sem er umfram andvirði eignasölu að fjárhæð 35.000 milljónir króna, sem kemur í hlut samstæðunnar á hverju fjárhagsári fram að árinu 2014, en þó aðeins upp að tiltekinni hámarksfjárhæð.

Í desember 2013 greiddi bankinn fyrirfram inn á veðtryggðu skuldabréfin. Fyrirframgreiðslan var innt af hendi í erlendum gjaldmiðlum og var að jafngildi u.þ.b. 50.000 milljónir króna. Fyrirframgreiðslan mun lækka hlutfallslega greiðslubyrði bréfanna á þeim greiðslum sem eru á gjalddaga á árunum 2014 til 2018. Fyrsti umsamdi gjalddagi skuldabréfanna var í janúar 2014 og sá síðasti verður í október 2018.

Í júní 2013 lauk Landsbankinn fyrstu útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum, LBANK CB 16, að fjárhæð 1.220 milljónir króna, en hámarks stærð flokksins er 100.000 milljónir króna. Skuldabréfin eru óverðtryggð með föstum 6,3% vöxtum til þriggja ára. Samhliða lækkaði bankinn útlánavexti sína á óverðtryggðum íbúðalánnum með föstum vöxtum til þriggja ára úr 7,5% í 7,3%. Sértryggðu skuldabréfin auka fjármögnunarmöguleika fyrir íbúðalánasafn bankans og draga úr fastvaxtaáhættu hans. Af þessari útgáfu að fjárhæð 1.220 milljónir króna voru 1.160 milljónir króna seldar fjárfestum á markaði en það sem eftir stóð var ætlað til viðskiptavaktar með bréfin vegna fyrirhugaðrar skráningar þeirra í kauphöll NASDAQ OMX Iceland. Skuldabréfin voru skráð í október 2013 í kauphöll NASDAQ OMX Iceland. Í desember 2013 lauk bankinn við sölu á 700 milljónum króna til viðbótar í sama skuldabréfaflokki. Hafin voru viðskipti með þessa síðari útgáfu í kauphöll NASDAQ OMX Iceland í sama mánuði.

Samkvæmt veðsetningarsamningi (e. pledge agreement) sem bankinn og LBI hf. gerðu með sér í október 2010 er hluti af útlánasafni bankans sett að veði til tryggingar á veðtryggðum skuldabréfum sem gefin voru út til LBI hf. Viðbótar tryggingarveð voru lögð fram við aukna útgáfu veðtryggðu skuldabréfanna í apríl 2013 í tengslum við skilyrta skuldabréfið og útgáfu sértryggðu skuldabréfanna í október og desember 2013. Bankinn er skuldbundinn til að viðhalda að lágmarki 124,7% veðhlutfalli á veðtryggðu skuldabréfunum sem gefin voru út til LBI hf. og 120,0% veðhlutfalli á sértryggðu skuldabréfunum. Nánari sundurlíðun á veðsettum eignum má sjá í skýringu 37.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 20. Skatteign og skattskuld

Skatteign og skattskuld er sem hér segir:

<b>Skatteign</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Frestuð skatteign	0	48
<b>Skattskuld</b>		
Frestuð skattskuld	(590)	-
Sérstakur fjársýsluskattur	(2.018)	-

Bókfærð frestuð skatteign og (skattskuld) tengist eftirfarandi liðum:

	<b>2013</b>			<b>2012</b>		
	<b>Eignir</b>	<b>Skuldir</b>	<b>Nettó</b>	<b>Eignir</b>	<b>Skuldir</b>	<b>Nettó</b>
Rekstrarfjármunir	-	(524)	(524)	-	(1.061)	(1.061)
Óefnislegar eignir	-	(54)	(54)	-	(105)	(105)
Útlán og kröfur á viðskiptavini	416	-	416	450	-	450
Frestaður gengismunur	-	(434)	(434)	-	(638)	(638)
Aðrir liðir	-	(269)	(269)	-	(68)	(68)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	275	-	275	1.470	-	1.470
	<b>691</b>	<b>(1.281)</b>	<b>(590)</b>	<b>1.920</b>	<b>(1.872)</b>	<b>48</b>
Jöfnun skatteignar á móti skattskuld	(691)	691	-	(1.872)	1.872	-
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>(590)</b>	<b>(590)</b>	<b>48</b>	<b>0</b>	<b>48</b>

Frestuð skatteign og skattskuld er reiknuð út frá skattaprósentum og skattalögum sem voru í gildi í lok árs 2013, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 20% (2012: 20%).

Breytingar á tímabundnum mismun á árinu voru eftirfarandi:

#### Bókfært í rekstrarreikningi

<b>2013</b>	<b>Staðan 1.1 (Gjöld)</b>	<b>tekjur</b>	<b>Breytingar frá fyrra ári</b>	<b>Staðan 31.12</b>
Rekstrarfjármunir	(1.061)	537	-	(524)
Óefnislegar eignir	(105)	51	-	(54)
Útlán og kröfur á viðskiptavini	450	(34)	-	416
Frestaður gengismunur	(342)	(92)	-	(434)
Aðrir liðir	(67)	(202)	-	(269)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	1.172	(897)	-	275
<b>Samtals</b>	<b>48</b>	<b>(637)</b>	<b>0</b>	<b>(590)</b>
<b>2012</b>				
Rekstrarfjármunir	(1.332)	271	-	(1.061)
Óefnislegar eignir	(17)	(88)	-	(105)
Útlán og kröfur á viðskiptavini	3.641	(3.191)	-	450
Frestaður gengismunur	(1.259)	917	-	(342)
Aðrir liðir	(348)	273	8	(67)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.318	(2.107)	960	1.172
<b>Samtals</b>	<b>3.003</b>	<b>(3.925)</b>	<b>968</b>	<b>48</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 21. Aðrar skuldir

	2013	2012
Umframgreiðslur á útlánum	8.857	8.857
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	2.710	3.873
Fjármagnstekjuskattur	4.256	2.121
Viðskiptaskuldir	484	1.293
Ógreitt framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	270	270
Skattur á heildarskuldir fjármála fyrirtækja	3.283	300
Tekjuskattur til greiðslu	8.325	-
Ýmsar skuldir	5.463	3.535
<b>Samtals</b>	<b>33.647</b>	<b>20.249</b>

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá reikningskiladegi.

#### *Ógreitt framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta*

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 um Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta og breytingum á lögum frá 31. maí 2011, á bankinn að leggja í sjóðinn ársfjórðungslega óendurkræft almennt og breytilegt framlag. Almenna framlagið er ákvarðað ársfjórðungslega og samsvarar 0,05625% af öllum tryggðum innstæðum í bankanum, eins og þær eru skilgreindar í breytingum á lögum frá 19. júní 2012. Fjárhæð breytilega framlagsins ákvarðast ársfjórðungslega á grundvelli af áhættustuðli sem FME gefur bankanum. Almenna og breytilega framlagið kemur til greiðslu á meðan heildareignir sjóðsins eru minni en 1% af tryggðum innstæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Til viðbótar almenna og breytilega framlaginu getur sjóðurinn krafist bankann um viðbótarframlög í sjóðinn ef FME og Seðlabankinn fara fram á það í sameiningu. Jafnframt er sjóðnum heimilt að krefjast viðbótarframlaga til endurgreiðslu á lántökum sjóðsins og kostnaði þeim tengdum. Hámarks fjárhæð viðbótarframlaga sem hægt er að krefja bankann að leggja sjóðnum til er fjárhæð sem samsvarar 0,6% af tryggðum innstæðum í bankanum.

Stjórnendur bankans hafa ákveðið að skuldin sem færa skal vegna ársframlags til Tryggingasjóðs skuli einungis nema þeirri fjárhæð sem bankinn á að greiða á reikningsskiladegi samkvæmt lögum. Þetta er framlagið sem bankinn skal greiða á yfirstandandi ársfjórðungi vegna næsta ársfjórðungs á undan. Önnur regluleg framlög bankans til sjóðsins á síðari ársfjórðungum eru háð framtíðarstarfsemi bankans og eru því ekki núverandi skuldbinding á reikningsskiladegi. Þar af leiðandi eru framtíðarframlög til sjóðsins ekki færð sem skuld. Því er upphæðin sem færð er sem skuld 31. desember 2013 270 milljónir króna sem bankinn skal greiða eigi síðar en 1. mars 2014 (31. desember 2012: 270 milljónir króna).



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 22. Eigið fé

#### Hlutfé

Heildar hlutfé samþykkt og útgefið af bankanum í árslok 2013 eru 24 milljarðar en útstandandi hlutfé í árslok 2013 nam 23,6 milljarðar hluta að nafnvirði 1 króna á hlut. Hverjum einnar krónu hlut fylgir eitt atkvæði og eiga hluthafar þannig rétt á einu atkvæði á hlut á félagsfundum bankans. Greitt hefur verið fyrir alla hluti að fullu.

#### Yfirverð

Yfirverð er munurinn á greiðslum í krónum sem bankinn fékk við útgáfu á hlutfé og nafnverðs útgefina hluta, að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu nýrra hluta að teknu tilliti til skattspörunar.

#### Lögbundinn varasjóður

Lögbundni varasjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði bankans, sem ekki er ráðstafað gegn tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé í bankanum. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé í bankanum.

#### Varasjóður hlutabréfatengdra greiðslna

Þann 11. apríl 2013 lét LBI hf. af hendi allan eignarhlut sinn í Landsbankanum, þar sem í hlut Landsbankans kom 2% eignarhlutur eða 500 milljónir hluta. Landsbankinn gerði ráðstafanir til þess að deila út þessum hlutum til starfsmanna í samræmi við kröfu LBI hf. og samþykkt hluthafafundar Landsbankans þann 17. júlí 2013. Þann 30. september 2013 var 317 milljónum eigin hluta úthlutað til starfsmanna, þar af var 198 milljónum hluta haldið eftir af Landsbankanum til greiðslu skatta og lífeyrisskuldbindinga starfsmanna vegna úthlutunarinnar. Úthlutun til starfsmanna á þeim eigin hlutum sem eftir standa mun fara fram í febrúar 2014.

Á þriðja ársfjórðungi 2013 færði bankinn á eigið fé þann hluta eigin hlutabréfa sem deilt var út til starfsmanna og eigin hlutabréf sem haldið var eftir af Landsbankanum til greiðslu skatta og lífeyrisskuldbindinga vegna úthlutunarinnar. Framangreindar eiginfjárhreyfingar koma fram undir liðunum „Eigin hlutabréf úthlutað til starfsmanna“ og „Kaup eigin hlutabréfa vegna greiðslu á sköttum og lífeyrisskuldbindingum“. Móttaka bankans á 500 milljónum eigin hluta hafði á öðrum ársfjórðungi 2013 verið færð undir eigið fé sem „Kaup á eigin hlutabréfum“ og á fyrsta ársfjórðungi hafði bankinn fært skuldbindingu sína til að úthluta hlutabréfunum til starfsmanna sem „Eignarhlutatengdar greiðslur til starfsmanna í formi hlutabréfa“. Þannig gjaldfærði bankinn á fyrsta ársfjórðungi 2013 í rekstrarreikningnum 4.017 milljónir króna sem launakostnað með samsvarandi mótfærslu á eigið fé sem „Eignarhlutatengdar greiðslur til starfsmanna í formi hlutabréfa“. Þessu til viðbótar færði bankinn í rekstrarreikninginn launatengd gjöld að fjárhæð 674 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2013 með samsvarandi mótfærslu á aðrar skuldir í efnahagsreikningnum.

#### Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er óráðstafaður hagnaður og tap samstæðunnar frá stofnun bankans, að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð bankans.

#### Arður

Á aðalfundi bankans 17. apríl 2013 var samþykkt tillaga bankaráðs um að greiða hluthöfum bankans arð sem næmi 0,42 krónum á hlut fyrir árið 2012. Arður var greiddur til hluthafa miðað við hluthafaskrá 30. september 2013. Arðgreiðslan nam 9.921 milljónum króna á útstandandi hluti.

#### Takmarkanir á arðgreiðslum

Bankinn gaf út veðtryggð skuldabréf sem hluta af kaupverðinu á innlendra starfsemi LBI hf. (sjá skýringar 19 og 37). Komi til arðgreiðslna skal bankinn innleysa eða hafa innlest (hafi innlausnar ekki verið krafist í öðru ákvæði varðandi það) bréfin í réttu hlutfalli við arðgreiðsluna. Í júní 2012 greiddi bankinn fyrirfram hlutfallslega af höfuðstól hvers skuldabréfs fjárhæð að jafngildi alls 71.200 milljónir króna. Bankinn greiddi aftur í desember 2013 fyrirfram hlutfallslega af höfuðstól hvers skuldabréfs fjárhæð að jafngildi alls 50.000 milljónir króna. Þar sem bankinn hefur innlest hluta af skuldabréfunum með valkvæðri fyrirframgreiðslu eru framtíðar arðgreiðslur (og aðrar greiðslur af svipuðum toga) allt að 121.200 milljónum króna ekki bundnar við fyrirfram innlausn skuldabréfanna.

Samkvæmt lögum um hlutfélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa af hagnaði fyrri ára og frjálsum sjóðum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Skýringar við samstæðuársreikning

#### 23. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur	2013	2012
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	1.401	1.091
Markaðsskuldabréf flokkuð sem útlán og kröfur	5.531	4.921
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	668	585
Útlán og kröfur á viðskiptavini	52.529	57.131
Aðrar vaxtatekjur	3.097	933
<b>Samtals</b>	<b>63.224</b>	<b>64.661</b>

#### Vaxtagjöld

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(2.958)	(2.048)
Innlán frá viðskiptavinum	(16.608)	(16.485)
Veðtryggt skuldabréf	(9.321)	(10.482)
Önnur vaxtagjöld	(23)	(62)
<b>Samtals</b>	<b>(28.910)</b>	<b>(29.077)</b>

<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>34.314</b>	<b>35.584</b>
----------------------------	---------------	---------------

Vaxtamunur (sem hlutfall hreinna vaxtatekna og bókfærðs meðalvirðis heildareigna á tímabilinu, reiknað á ársgrundvelli). **3,1%** **3,2%**

Vaxtamunur eftir virðisbreytingar (sem hlutfall hreinna vaxtatekna eftir hreina virðisbreytingu og bókfærðs meðalvirðis heildareigna á tímabilinu, reiknað á ársgrundvelli). **4,7%** **2,8%**

Allar framangreindar vaxtatekjur og vaxtagjöld eru vegna fjáreigna og fjárskulda sem eru ekki færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

#### 24. Hrein virðisbreyting útlána og krafna

	2013	2012
Virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum	19.440	37.320
Tap af gengistrygðum útlánnum og kröfum á viðskiptavini	-	(2.120)
Virðisrýmun útlána og krafna	(7.706)	(12.260)
<b>Samtals</b>	<b>11.734</b>	<b>22.940</b>

Einstaklingar	(838)	(233)
Fyrirtæki	12.573	23.173
<b>Samtals</b>	<b>11.734</b>	<b>22.940</b>

#### 25. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur	2013	2012
Fjárfestingabankastarfsemi og markaðsviðskipti	1.408	1.223
Eignastýring	1.131	1.009
Útlán	1.206	1.060
Greiðslukort	1.624	1.524
Millibankaviðskipti	1.273	1.079
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	792	792
Erlend viðskipti	659	638
Aðrar þóknanir	358	371
<b>Samtals</b>	<b>8.451</b>	<b>7.696</b>

#### Þjónustugjöld

Fjárfestingabankastarfsemi og markaðsviðskipti	(278)	(316)
Millibankaviðskipti	(1.162)	(1.082)
Önnur gjöld	(1.720)	(1.850)
<b>Samtals</b>	<b>(3.160)</b>	<b>(3.248)</b>

<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>5.291</b>	<b>4.448</b>
-------------------------------	--------------	--------------

Hreinar þjónustutekjur eins og þær eru sýndar hér fyrir framan innihalda ekki fjárhæðir sem eru hluti af útreiknuðum virkum vöxtum fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þjónustutekjur af slíkum fjáreignum og fjárskuldum eru heldur ekki hluti af framangreindum fjárhæðum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 26. Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

	2013	2012
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	1.922	740
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	6.537	4.963
<b>Samtals</b>	<b>8.460</b>	<b>5.703</b>

### 27. Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

	2013	2012
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	2.153	2.200
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	466	205
Afleiðusamningar	(527)	(236)
<b>Samtals</b>	<b>2.092</b>	<b>2.169</b>

### 28. Aðstekjur

Aðstekjur voru skráðar í rekstrarreikning samstæðunnar undir eftirfarandi liðum:

	2013	2012
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	418	531
Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	7	20
<b>Samtals</b>	<b>425</b>	<b>551</b>

### 29. Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

Eignir	2013	2012
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	(137)	56
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	(10.153)	4.972
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	(1.113)	1.085
Afleiðusamningar	1.727	2.438
Útlán og kröfur á fjármálfyrirtæki	(3.737)	2.643
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	(18.493)	9.465
Aðrar eignir	(39)	1.194
<b>Samtals</b>	<b>(31.945)</b>	<b>21.853</b>

#### Skuldir

Skuldir við fjármálfyrirtæki og Seðlabanka	1.710	(1.347)
Innlán frá viðskiptavinum	6.932	(3.281)
Veðtryggð skuldabréf	18.732	(12.631)
Skilyrt skuldabréf	5.516	-
Aðrar skuldir	202	(28)
<b>Samtals</b>	<b>33.092</b>	<b>(17.287)</b>

### Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

1.147 4.566

Gjaldeyrisgengismunur sem færður var í rekstrarreikning á árinu 2013 og er til kominn vegna fjáreigna sem ekki eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nam 22.406 milljónum króna tapi af fjáreignum (2012; 13.304 milljón króna hagnaði) og 33.092 milljón króna hagnaði af fjárskuldum (2012: 15.940 milljóna króna tapi).

### 30. Aðrar tekjur og gjöld

	2013	2012
Endurkrafinn kostnaður	160	235
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	277	14
Tap af fullnustueignum	(363)	(176)
Annað	1.150	989
<b>Samtals</b>	<b>1.224</b>	<b>1.062</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 31. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
Launagreiðslur	9.477	10.224
Framlög í lífeyrissjóði	1.399	1.365
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.737	1.587
<b>Samtals</b>	<b>12.613</b>	<b>13.176</b>
Hlutabréfatengdar greiðslur til starfsmanna	4.017	-
Launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra launagreiðslna	674	-
<b>Samtals laun og launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra greiðslna*</b>	<b>4.691</b>	<b>0</b>
<b>Samtals laun og launatengd gjöld</b>	<b>17.304</b>	<b>13.176</b>

\* Frekari skýringar vegna hlutabréfatengdra greiðslna til starfsmanna má sjá í skýringu 22.

Stöðugildi í árslok	1.183	1.233
Meðaltal stöðugilda á árinu	1.193	1.260

### 32. Annar rekstrarkostnaður

	2013	2012
Kostnaður vegna hugbúnaðar og upplýsingatækni	1.675	2.025
Fasteignir og húsbúnaður	995	1.150
Auglýsingar og markaðssetning	760	736
Rekstrarleiga	658	660
Eftirlitsgjöld til FME	383	417
Framlag til umboðsmanns skuldara	230	203
Endurskoðun og tengd þjónusta	128	130
Önnur sérfræðiþjónusta	788	879
Annar rekstrarkostnaður	2.388	2.678
<b>Samtals</b>	<b>8.005</b>	<b>8.878</b>
<b>Endurskoðun og tengd þjónusta</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Endurskoðun ársreikninga	61	79
Könnun á árshlutareikningum og önnur þjónusta	67	51
<b>Samtals</b>	<b>128</b>	<b>130</b>

### 33. Yfirtökukostnaður

	2013	2012
Kostnaður vegna kaupa á eignum og skuldum LBI hf.	45	290
<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>290</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 34. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður út frá þeim tekjuskattshlutföllum og þeim skattalögum sem voru í gildi í lok árs 2013, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 20,0% (2012: 20,0%). Sérstakur fjársýsluskattur er 6% á tekjuskattstofn umfram 1 milljarð króna í samræmi við lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt.

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning sem hér segir:

	2013	2012
Tekjuskattur til greiðslu	(6.364)	-
Sérstakur fjársýsluskattur	(2.018)	-
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs	20	1.087
Frestuð skatteign	(638)	(4.012)
<b>Samtals</b>	<b>(9.000)</b>	<b>(2.925)</b>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn útreiknuðum tekjuskatti í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila sem hér segir:

	2013		2012	
Hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi		41.042		27.485
Sérstakur skattur á fjármálfyrirtæki		(3.283)		(1.200)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		37.759		26.285
Tekjuskattur reiknaður út frá skattshlutfalli lögaðila	20,0%	(7.552)	20,0%	(5.257)
Sérstakur fjársýsluskattur	5,3%	(2.018)	0,0%	-
Óskattskyldar tekjur	(5,5%)	2.060	(5,2%)	1.357
Ófrádráttarbær gjöld	4,0%	(1.492)	1,4%	(371)
Annað	0,0%	2	(5,1%)	1.346
<b>Virkur tekjuskattur samtals</b>	<b>23,8%</b>	<b>(9.000)</b>	<b>11,1%</b>	<b>(2.925)</b>

Skattar sem eru eingöngu lagðir á fjármálfyrirtæki eru eftirfarandi:

Þann 31. desember 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálfyrirtæki sem kveða á um að vissar tegundir fjármálfyrirtækja verði að greiða árlega skatt sem reiknast 0,376% (2012: 0,1285%) af skattalegu bókfærðu virði skulda umfram 50 milljarða króna.

	2013	2012
Sérstakur skattur á heildarskuldir fjármálfyrirtækja	(3.283)	(1.200)
<b>Samtals</b>	<b>(3.283)</b>	<b>(1.200)</b>

## Aðrar skýringar

### 35. Hagnaður á hlut

Hagnaður ársins	2013	2012
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi	28.750	23.360
Hagnaður ársins af aflagðri starfsemi	-	2.079
<b>Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans</b>	<b>28.750</b>	<b>25.439</b>

Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta vegin meðalfjölda almennra hluta fyrir umbreytingu allra mögulegra þynnanlegra almennra hluta.

#### Fjöldi hluta

	2013	2012
Fjöldi útistandandi hluta í byrjun árs	24.000	24.000
Meðalfjöldi eigin hluta	(345)	-
<b>Vegin meðalfjöldi útistandandi hluta</b>	<b>23.655</b>	<b>24.000</b>

#### Grunnhagnaður á hlut

	2013	2012
Áframhaldandi starfsemi	1,22	0,97
Aflögð starfsemi	-	0,09
<b>Grunnhagnaður á hlut samtals</b>	<b>1,22</b>	<b>1,06</b>

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður bankans á hlut er sá sami þar sem bankinn hefur ekki gefið út valréttarsamninga, tryggða kauprétti, breytanleg skuldabréf eða aðra mögulega gerninga sem þynna hagnaðinn á hlut.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 36. Málaferli

Bankinn og dótturfélög hans er öðru hverju aðili að málaferlum sem koma upp í venjubundnum viðskiptum og vænst er að hafi óveruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar. Frá því að bankinn var stofnaður hefur samstæðan hins vegar átt í ýmsum mikilvægum málaferlum sem flest tengjast yfirtöku bankans á eignum og skuldum frá Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.). Þessi mál eru mikilvæg í þeim skilningi að þau hafa haft eða gætu haft mikilvæg áhrif á þær fjárhæðir sem birtar eru í ársreikningi samstæðunnar. Á árinu 2013 hófust nokkur ný málaferli gegn bankanum og sumum þeim málaferlum sem voru yfirstandandi í kaflanum um málaferli í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2012 var enn ólokið í árslok 2013. Öðrum yfirstandandi málum í árslok 2012 hefur verið lokið fyrir héraðsdómi, Hæstarétti eða hjá öðru yfirvaldi.

#### Ný mikilvæg mál sem hófust á árinu 2013 og eru opin í árslok 2013:

1) Í janúar 2013 höfðaði viðskiptavinur mál gegn bankanum og krafðist staðfestingar á því að verðtryggingaákvæði skuldabréfs sem hann gaf út til bankans væru ólögmat og að bankanum sé ekki heimilt að endurmeta höfuðstólsfjárhæð lánsins mánaðarlega miðað við vísitölu neysluverðs. Hæstiréttur kvað upp úrskurð þann 6. desember 2013 þess efnis að rétt væri að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um tiltekin atriði málsins. Þess er vænst að málflytningur fyrir EFTA-dómstólnum fari fram vorið 2014. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að málið verði tekið til meðferðar fyrir íslenskum dómstólum.

2) Í mars 2013 sendi Samkeppniseftirlitið bankanum bráðabirgðamat og niðurstöður í tveimur málum. Fyrri málið varðar ívilnandi skilmála, upphaflega veittum af Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.) og í kjölfarið af bankanum á árunum 2004 til 2010, sem í boði voru fyrir viðskiptavini bankans í bankaþjónustu, sérstaklega vegna húsnæðislána. Í júní 2013 svaraði bankinn Samkeppniseftirlitinu og hafnaði öllum ásökunum um brot á samkeppnisreglum. Bankinn hefur ekki upplýsingar um það hvort Samkeppniseftirlitið muni aðhafast eitthvað frekar í málinu en hefur lýst yfir vilja sínum til þess að ræða málið. Seinna málið varðar ásakanið um þátt Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.) og síðar bankans á árunum 2007 til 2009 í því hvernig ákvarðanir voru teknar um milligjöld greiðslukorta. Í júní 2013 svaraði bankinn Samkeppniseftirlitinu og hafnaði öllum ásökunum um brot á samkeppnisreglum. Bankinn og Samkeppniseftirlitið hafa átt nokkra fundi til þess að leita leiða til að útkljá málið.

3) Í júní 2013 höfðaði greiðslukortafyrirtæki skaðabótamál gegn bankanum ásamt öðrum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu þar sem fyrirtækið krafðist greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1.200 milljónir króna að viðbættum vöxtum. Stefnandinn telur að stefndu séu skaðabótaskyldir vegna meintra brota þeirra á samkeppnisreglum. Bankinn hafnar ásökunum og kröfunum. Frestur bankans til að skila greinargerð er ekki liðinn.

#### Mikilvæg mál sem gerð voru grein fyrir í árslok 2012 og var ólokið í árslok 2013 eru eftirfarandi

4) Í desember 2012 stefndi hlutafélag bankanum og gerði þá kröfu að lán félagsins yrði endurreiknað sem lán í íslenskum krónum með ólögmatrí gengistryggingu. Bankinn vísar til þess að lánið var endurgreitt í erlendum gjaldmiðlum og beri að teljast sem lán í erlendum gjaldmiðli. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði bankann þann 25. júní 2013. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og var flutt þar þann 28. febrúar 2014. Dóms er að vænta á næstu vikum.

5) Landsbankinn Guernsey Ltd. höfðaði mál gegn bankanum, FME og íslenska ríkinu í nóvember 2012. Stefnandi krefst þess að bankinn greiði 2.474 milljónir króna (GBP 13 milljónir), 100 milljónir króna (EUR 628 þúsund) og 357 milljónir króna (USD 3.1 milljón) auk vaxta vegna peningamarkaðslána stefnanda hjá Landsbanka Íslands (nú LBI hf.) sem færð voru í bankann með ákvörðun FME, dagsettri 9. október 2008. Bankinn lítur svo á að peningamarkaðslán hafi ekki verið færð yfir í bankann með ákvörðun FME þann 9. október 2008. Það er í samræmi við fyrri niðurstöður Hæstaréttar í sambærilegum málum. Fyrirséð er að málið verði flutt fyrir héraðsdómi á árinu 2014.

6) Í desember 2012 höfðu fjórtán erlendir bankar mál gegn bankanum og kröfðust skaðabóta fyrir samtals 317 milljónir króna (EUR 2 milljónir). Stefnendur byggja kröfu sína á sambankaláni sem bankarnir veittu einkahlutafélagi sem síðar var tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfulýsing stefnenda var ófullkomin og gerði ekki grein fyrir veðtryggingu krafanna. Skiptastjóri félagsins fór með kröfuna í samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Stefnendur höfðu mál gegn skiptastjóra og í ágúst 2011 dæmdi Hæstiréttur skiptastjóranum í hag. Stefnendur halda því nú fram að bankinn hafi ekki átt að veita skiptastjóranum aðgang að eignunum sem höfðu áður verið veðsettar og því sé bankinn skaðabótaskyldur. Bankinn varð við kröfum skiptastjóra eins og honum er skylt á grundvelli gjaldþrotaskiptalaga og telur bankinn að mistök stefnenda hafi ekki skapað skaðabótaskyldu fyrir bankann. Bankinn var sýknaður fyrir héraðsdómi þann 13. nóvember 2013 og er áfrýjunarfrestur ekki liðinn.

7) Í október 2012 höfðaði Kaupþing hf. mál gegn Landsbréfum hf., Landsbanki Structured Finance III og Landsvaka hf. Krafa Kaupþings nemur 724 milljónum króna sem byggir á afleiðusamningi milli Kaupþings og Landssjóðs hf. dagsettu 28. febrúar 2008. Landsvaki lýsti kröfu í þrotabú Kaupþings á grundvelli skuldabréfs útgefnu af Kaupþingi að fjárhæð samtals 1.151 milljónir króna (USD 10 milljónum) og lýsti yfir skuldajöfnuði á móti kröfu Kaupþings. Slitastjórnin hafnaði kröfu Landsvaka og yfirlýsingu um skuldajöfnuð. Landsbréf hf., Landsbanki Structured Finance III og Landsvaki ehf. hafa ekki ennþá lagt fram greinargerð í málinu.

#### Önnur mál:

Öðrum málaferlum sem gerð var grein fyrir sem yfirstandandi í árslok 2012 eða snemma árs 2013 var lokið á árinu 2013 eða snemma árs 2014. Gert hefur verið ráð fyrir áhrifum þessara dóma í reikningsskilum og ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2013.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 37. Veðsettar eignir

Samkvæmt veðsetningarsamningi (e. pledge agreement) sem bankinn og LBI hf. gerðu með sér í október 2010 er hluti af útlánasafni bankans sett að veði til tryggingar á veðtryggðum skuldabréfum sem gefin voru út til LBI hf. Viðbótar tryggingarveð voru lögð fram við aukna útgáfu veðtryggðu skuldabréfanna í apríl 2013 í tengslum við skilyrta skuldabréfið og útgáfu sértryggðu skuldabréfanna í október og desember 2013. Bankinn er skuldbundinn til að viðhalda að lágmarki 124,7% veðhlutfalli á veðtryggðu skuldabréfunum sem gefin voru út til LBI hf. og 120,0% veðhlutfalli á sértryggðu skuldabréfunum. Veðsettar eignir sem bætast við hið veðsetta safn verða að standast ákveðnar kröfur.

	Veðsett á móti			Óveðsettar eignir	Samtals
	Sértryggð-um skulda-bréfum	Skuldabréfum til LBI hf.	Annað*		
<b>31. desember 2013</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	61	-	-	21.459	21.520
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	11.603	15.717	263.275	290.595
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	-	-	36.275	36.275
Afleiðusamningar	-	-	-	654	654
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	-	-	4.608	63.308	67.916
Útlán og kröfur á viðskiptavini	2.400	302.159	-	375.909	680.468
Fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum	-	-	-	14.224	14.224
Rekstrarfjármunir	-	-	-	5.440	5.440
Óefnislegar eignir	-	-	-	585	585
Aðrar eignir	-	-	-	8.816	8.816
Eignir í sölumeðferð	-	-	-	25.023	25.023
<b>Samtals</b>	<b>2.461</b>	<b>313.762</b>	<b>20.325</b>	<b>814.968</b>	<b>1.151.516</b>

	Veðsett á móti			Óveðsettar eignir	Samtals
	Sértryggð-um skulda-bréfum	Annað*			
<b>31. desember 2012</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	-	-	25.898	25.898
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	17.821	-	210.387	228.208
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	-	-	-	36.881	36.881
Afleiðusamningar	-	-	-	1.043	1.043
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	-	8.091	-	56.258	64.349
Útlán og kröfur á viðskiptavini	319.240	-	-	346.847	666.087
Fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum	-	-	-	15.528	15.528
Rekstrarfjármunir	-	-	-	6.776	6.776
Óefnislegar eignir	-	-	-	541	541
Skatteign	-	-	-	48	48
Aðrar eignir	-	-	-	14.108	14.108
Eignir í sölumeðferð	-	-	-	25.320	25.320
<b>Samtals</b>	<b>319.240</b>	<b>25.912</b>	<b>739.635</b>	<b>1.084.787</b>	

\*Annað eru eignir sem settar hafa verið að veði við Seðlabankann til þess að tryggja uppgjör í íslenska greiðslukerfinu, eignir settar hafa verið að veði til þess að tryggja viðskiptalínur og ISDA (e. „International Swaps and Derivative Association“) samninga og aðrar veðsetningar af svipuðum toga.

### 38. Leigusamningar

#### Skuldbindingar vegna rekstrarleigu þar sem bankinn er leigutaki

Í þeim tilfellum þar sem bankinn er leigutaki, voru áætlaðar lágmarksleigugreiðslur, sem falla undir óuppsegjanlega rekstrarleigu, sem hér segir þann 31. desember:

	2013	2012
Innan 1 árs	123	219
Eftir 1 til 5 ár	312	292
Eftir meira en 5 ár	247	158
<b>Samtals</b>	<b>682</b>	<b>669</b>

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 38. Leigusamningar (framhald)

#### Rekstrarleiga þar sem bankinn er leigusali

Samstæðan er leigusali í þeim tilvikum sem tæki og áhöld eru keypt og leigð þriðja aðila með skipan sem fellur í raun undir lán og kröfur sem færðar eru samkvæmt IAS 39 í ársreikningi samstæðunnar.

Væntanlegar lágmarksleigugreiðslur sem falla undir óuppsejanlega rekstrarleigu voru sem hér segir þann 31. desember 2013:

	2013	2012
Innan 1 árs	167	139
Eftir 1 til 5 ár	247	206
Eftir meira en 5 ár	22	18
<b>Samtals</b>	<b>436</b>	<b>363</b>

#### Skuldbindingar fjármögnunarleigu þar sem bankinn er leigusali

Samstæðan er leigusali í þeim tilvikum sem varanlegir rekstrarfjármunir eru leigðir þriðja aðila með skipan sem fellur undir fjármögnunarleigu. Fjármögnunarleigukröfur á viðskiptavini eru færðar meðal lána og krafna á viðskiptavini í ársreikningi samstæðunnar.

Hreinar fjárfestingar í fjármögnunarleigukröfum eru eftirfarandi:

	Brúttó fjárfesting í fjármögnunarleigu	Framtíðar fjármagnstekjur	Núvirði lágmarksleigugreiðslna
<b>31. desember 2013</b>			
Innan 1 árs	2.748	(268)	2.480
Eftir 1 til 5 ár	4.753	(368)	4.385
Eftir meira en 5 ár	621	(48)	573
<b>Samtals</b>	<b>8.122</b>	<b>(684)</b>	<b>7.438</b>
<b>31. desember 2012</b>			
Innan 1 árs	1.567	(153)	1.414
Eftir 1 til 5 ár	2.710	(210)	2.500
Eftir meira en 5 ár	354	(27)	327
<b>Samtals</b>	<b>4.631</b>	<b>(390)</b>	<b>4.241</b>

Ótryggt hrakvirði í lok árs 2013 er núll (2012: núll).

### 39. Fjárvarsla

Bankinn veitir fjárvörslu-, eignastýringar-, fjárfestingastýringar- og ráðgjafþjónustu. Í því felst að bankinn tekur ákvarðanir um ráðstöfun, kaup og sölu ýmissa fjármálagerna. Eignir í vörslu bankans eru ekki taldar fram í reikningsskilunum þar sem þær eru ekki eignir bankans. Hluti þessarar þjónustu hefur í för með sér að bankinn samþykkir markmið og viðmið fyrir fjárfestingu eigna í hans vörslu. Þann 31. desember 2013 námu heildareignir í stýringu 111.4 milljörðum króna (2012: 95 milljörðum króna). Heildareignir í vörslu bankans námu 845 milljörðum króna (2012: 1.368 milljörðum króna).

### 40. Viðskipti við tengda aðila

#### Tengdir aðilar

Ríkissjóður Íslands, fyrir hönd íslenska ríkisins, á 98% hlut í bankanum í árslok 2013. Þær stofnanir og fyrirtæki sem tengjast ríkinu og flokkast sem tengdir aðilar eru: Fjármálaráðuneytið, Bankasýsla ríkisins og fyrirtæki og stofnanir sem tengjast þeim.



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 40. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

Viðskipti á milli bankans og dótturfyrirtækja hans falla undir skilgreiningu um viðskipti á milli tengdra aðila. Helstu dótturfyrirtæki í beinu eða óbeinu eignarhaldi bankans 31. desember 2013 voru eftirfarandi:

Fyrirtæki	Eignahagsmunir	Starfsemi
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Horn fjárfestingarfélag hf. (Ísland)	100%	Fjárfestingafyrirtæki
Landsbréf hf. (Ísland)	100%	Umsjón með verðbréfasjóðum
Hömlur ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Blámi - fjárfestingafélag ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Span ehf. (Ísland)	100%	Upplýsingatæknipjónusta
Ístak hf. (Ísland)	100%	Verktakafyrirtæki
Landsbanki Holdings (UK) plc. (Bretland)	100%	Eignarhaldsfélag í slitameðferð
Eignarhaldsfélagið ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Lindir Resources ehf (Ísland)	78%	Eignarhaldsfélag

Landsvaki ehf. dótturfélag bankans var tekið til slitameðferðar 28. nóvember 2013 að beiðni stjórnar félagsins.

Lykilstjórnendur bankans og þeir sem tengjast þeim nánum fjölskyldutengslum falla undir skilgreininguna á tengdum aðilum og í sumum tilfellum lykilstjórnendur dótturfélaga bankans. Lykilstjórnendur bankans eru: bankaráð, bankastjóri, framkvæmdastjórn og aðrir stjórnendur sem hafa völd og ábyrgð til þess að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með rekstri bankans. Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins falla undir skilgreininguna tengdir aðilar bankans vegna valdsviðs þeirra til þess að hafa áhrif á stefnu bankans.

### Viðskipti við tengda aðila

#### (a) Viðskipti við íslenska ríkið og ríkisfyrirtæki

Vörur og þjónusta bankans eru boðnar íslenska ríkinu og ríkisfyrirtækjum (þar með talið öðrum bönkum í eigu ríkisins) í samkeppni við aðra og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Með sama hætti kaupir bankinn og aðrir tengdir aðilar bankans vörur og þjónustu frá ríkisfyrirtækjum á markaðsverði og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Eðli og útstandandi kröfur á opinbera aðila koma fram í skýringu 55.

#### (b) Viðskipti við aðra tengda aðila

Í samræmi við breytingu á eignarhlutum bankans 11. apríl 2013 þá er LBI hf. ekki lengur flokkað sem tengdur aðili samkvæmt alþjóðar reikningsskilastaðlinum IAS 24 eins og fram kemur í skýringu 18. Innlán LBI hf. hjá bankanum námu 43.807 milljónum króna þann 31. desember 2012. Á árinu 2012 færði bankinn 235 milljónir króna sem tekjur vegna umsýsluþjónustu við LBI hf. sem byggist á þjónustusamningi milli bankanna.

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir útlána til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og útlán til hlutdeildarfélaga:

Útlán í milljónum króna	2013		2012	
	Staða í árslok	Hámarks staða	Staða í árslok	Hámarks staða
Lykilstjórnendur	108	131	98	214
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	136	224	176	279
Hlutdeildarfélög	47.037	63.892	44.544	72.677
Annað	17	18	10	77
<b>Samtals</b>	<b>47.298</b>	<b>64.265</b>	<b>44.828</b>	<b>73.247</b>

Engin sértæk virðisýrning var færð á árinu 2013 vegna þessara lána.

Engar ábyrgðir, veð eða loforð hafa verið gefin út eða innleyst vegna þessara viðskipta á tímabilinu sem reikningsskilin ná til. Jafnframt eru engir leigusamningar milli tengdra aðila á árinu.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 40. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

#### (b) Viðskipti við aðra tengda aðila (framhald)

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir innlána til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og innlán til hlutdeildarfélaga:

Innlán í milljónum króna	2013		2012	
	Staða í árslok	Hámarks staða	Staða í árslok	Hámarks staða
Lykilstjórnendur	49	116	112	163
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	24	116	56	166
Hlutdeildarfélög	13.030	21.234	18.432	36.667
Annað	1	1	-	5
<b>Samtals</b>	<b>13.104</b>	<b>21.467</b>	<b>18.600</b>	<b>37.001</b>

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir ábyrgða til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og ábyrgðir til hlutdeildarfélaga:

Ábyrgðir í milljónum króna	Staða í	Staða í
	árslok	árslok
	2013	2012
Hlutdeildarfélög	520	507
<b>Samtals</b>	<b>520</b>	<b>507</b>

Áhrif á reikstrarreikninginn:

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir vaxtatekna og vaxtagjalda sem skráðar voru í tengslum við lykilstjórnendur, aðila þeim tengdum og hlutdeildarfélög:

Vaxtatekjur og vaxtagjöld	2013		2012	
	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld
Lykilstjórnendur	7	4	10	4
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	9	1	24	2
Hlutdeildarfélög	3.078	106	3.683	197
Annað	-	-	2	-
<b>Samtals</b>	<b>3.094</b>	<b>111</b>	<b>3.719</b>	<b>203</b>

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir annarra tekna og gjalda sem skráðar voru í tengslum við lykilstjórnendur, aðila þeim tengdum og hlutdeildarfélög:

Aðrar tekjur og önnur gjöld	2013		2012	
	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld
Hlutdeildarfélög	-	371	-	520
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>371</b>	<b>0</b>	<b>520</b>

Öll framangreind viðskipti áttu sér stað eins og venjubundin viðskipti og með sömu skilmálum, þar með talið vextir og tryggingar, sem voru ríkjandi á sama tíma í sambærilegum viðskiptum við þriðja aðila.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 40. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

#### (c) Greiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra bankans

Laun og hlunnindi fyrir árið 2013 í milljónum króna	Laun og hlunnindi*	Hlutabréfa-tengdar greiðslur	Mótframlag í lífeyrissjóð**	Samtals	Fjöldi bréfa
Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs	5,9	-	0,6	6,5	-
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, varaformaður bankaráðs	4,4	-	0,4	4,8	-
Þórdís Ingadóttir, í bankaráði	5,4	-	0,4	5,8	-
Danielle Pamela Neben, í bankaráði	2,3	-	0,2	2,5	-
Helga Björk Eiríksdóttir, í bankaráði	3,8	-	0,3	4,1	-
Kristján Þórarinn Davíðsson, í bankaráði	3,8	-	0,3	4,1	-
Jón Sigurðsson, í bankaráði	4,5	-	0,4	4,9	-
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, varamaður í stjórn bankaráðs	0,2	-	-	0,2	-
Helga Loftsdóttir, varamaður í stjórn bankaráðs	1,4	-	0,1	1,5	-
Gunnar Helgi Hálfðanarson, fyrrverandi formaður bankaráðs	2,4	-	0,2	2,6	-
Sigríður Hrólfsdóttir, fyrrverandi varaformaður bankaráðs	1,8	-	0,1	1,9	-
Ólafur Helgi Ólafsson, fyrrverandi bankaráðsmaður	1,5	-	0,1	1,6	-
Andri Geir Arinbjarnarson, fyrrverandi bankaráðsmaður	1,7	-	0,1	1,8	-
Steinþór Pálsson, bankastjóri	18,0	4,2	4,0	26,2	0,2
7 framkvæmdastjórar bankans	161,8	29,2	38,8	229,8	1,6
<b>Samtals</b>	<b>218,9</b>	<b>33,4</b>	<b>46,0</b>	<b>298,3</b>	<b>1,8</b>

\*Hlunnindi eru ópeningaleg hlunnindi í formi frjálsra afnota bifreiða í eigu bankans.

\*\*Felur bæði í sér séreignarsparnað og lög bundið mótframlag í sameignarsjóði sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða.

Á árinu 2013 námu heildarmánaðarlaun og hlunnindi núverandi bankastjóra 1,5 milljónum króna. Mánaðarlaun og hlunnindi núverandi framkvæmdastjóra bankans námu 1,9 milljónum króna að meðaltali á árinu 2013.

Laun og hlunnindi fyrir árið 2012 í milljónum króna	Laun og hlunnindi*	Mótframlag í lífeyrissjóð**	Starfsloka-greiðslur	Samtals
Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs	8,1	0,6	-	8,7
Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður bankaráðs	6,0	0,5	-	6,5
Þórdís Ingadóttir, í bankaráði	5,1	0,4	-	5,5
Ólafur Helgi Ólafsson, í bankaráði	5,1	0,4	-	5,5
Andri Geir Arinbjarnarson, í bankaráði	5,5	0,4	-	5,9
Varamenn í bankaráði bankans	5,1	0,4	-	5,5
Steinþór Pálsson, bankastjóri	14,2	2,4	-	16,6
7 framkvæmdastjórar bankans	134,6	25,5	-	160,1
2 fyrrverandi framkvæmdastjórar bankans	41,6	8,0	-	49,6
<b>Samtals</b>	<b>225,3</b>	<b>38,6</b>	<b>0,0</b>	<b>263,9</b>

\*Hlunnindi eru ópeningaleg hlunnindi í formi frjálsra afnota bifreiða í eigu bankans.

\*\*Felur bæði í sér séreignarsparnað og lög bundið mótframlag í sameignarsjóði sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða.

Á árinu 2012 námu heildarmánaðarlaun og hlunnindi núverandi bankastjóra 1,2 milljónum króna. Mánaðarlaun og hlunnindi núverandi framkvæmdastjóra bankans námu 1,8 milljónum króna að meðaltali á árinu 2012.

Til viðbótar launum og launatengdum gjöldum bankastjóra í töflunni að ofan færir bankinn 47 milljónir króna sem varúðarfærslu í árslok 2012, vegna hugsanlegra leiðréttinga eða afturvirkra breytinga á launum og starfskjörum bankastjóra á árunum 2011 og 2012.

#### (d) Viðskipti við fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins

Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins fengu engin laun eða hliðstæðar greiðslur frá samstæðunni á árinu 2013. Samstæðan átti ekki í viðskiptum við þessa aðila eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, önnur en útlána- og innlánaviðskipti undir hefðbundnum viðskiptabankaformerkjum.

### 41. Atburðir eftir reikningsskiladag

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningnum fyrir árið 2013.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### Eiginfjárstýring

#### 42. Eiginfjárstýring

Stefnumörkun og ferlar samstæðunnar í tengslum við eiginfjárstýringu tryggja að samstæðan hafi nægt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum. Eiginfjárstýringarferill samstæðunnar samanstendur af fjórum þáttum sem eru háðir hver öðrum: mat á eiginfjárbörf, áhættuvilji/eiginfjármarkmið, áætlanagerð um eiginfjárbörf og skýrslugjöf/eftirlit. Samstæðan fylgist reglulega með og metur núverandi áhættur helstu viðskiptaæininga og helstu áhættuflokka. Áhættuviljinn segir til um þá áhættu sem samstæðan er reiðubúin til að taka á sig til að ná viðskiptalegum markmiðum sínum.

Reglur um eiginfjárbörf eru settar af tveimur aðilum: Evrópuráðinu og Fjármálaeftirlitinu (FME). Grunnurinn að skilgreiningunni á eiginfjárbörf er tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjárbörf (e. Capital Requirements Directive (CRD)). Lágmarks krafa um eiginfjárlutfall skv. stoð I í tilskipuninni er 8% af áhættuvegnum eignum (e.risk-weighted assets) fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Eiginfjárfrafan er endurskoðuð reglulega af FME í sérstöku könnunar- og matsferli (SREP). Þessu til viðbótar gerir FME kröfu um að lágmarki 12% eiginfjárlutfall fyrir eiginfjárbátt A (e. Tier 1).

Samstæðan notar staðalaðferð við mat á lágmarkseiginfjárröfu undir stoð I. Innra matsferli bankans fyrir eiginfjárbörf (ICAAP) undir stoð II er mat bankans á heildareiginfjárbörf (sem hlutfall af áhættuvegnum eignum) og er það mat byggt á eiginfjárbörf (e. Economic Capital), álagsprófum og niðurstöðu könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins. Reiknuð eiginfjárbörf miðað við árslok 2013 er 13,7%. Niðurstaða úr síðasta könnunar- og matsferli FME, miðað við árslok 2012, var 16,7% eiginfjárfrafa til samstæðu bankans (sem kemur í stað 19,5% eiginfjárröfu sem var niðurstaða FME úr eldra könnunar- og matsferli, sem var miðuð við árslok 2011).

#### 43. Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall

Eigið fé samstæðunnar í árslok 2013 nam 241.359 milljónum króna (2012: 225.166 milljónum króna), sem samsvarar til 21,0% (2012: 20,8%) af heildareignum bankans. Eiginfjárlutfall, eins og það er reiknað út samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki, var 26,7% í árslok 2013 (2012: 25,1%). Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

<b>Eiginfjárgrunnur</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Hlutfé	23.618	24.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	120.700	123.898
Lögbundinn varasjóður	7.046	5.053
Óráðstafað eigið fé	90.002	72.120
Hlutir aðrir en ráðandi hlutir	(7)	95
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>241.359</b>	<b>225.166</b>
Óefnislegar eignir	(585)	(541)
Skatteign	-	(48)
<b>Eiginfjárbáttur A</b>	<b>240.774</b>	<b>224.577</b>
Frádráttur og annað eigið fé	(3.865)	(3.815)
<b>Eiginfjárgrunnur</b>	<b>236.909</b>	<b>220.762</b>
<b>Áhættuvegnar eignir</b>		
Útlánaáhætta	684.655	679.516
Markaðsáhætta	99.763	98.486
Rekstraráhætta	104.500	101.393
<b>Áhættugrunnur samtals</b>	<b>888.918</b>	<b>879.395</b>
Eiginfjárbáttur A	27,1%	25,5%
Eiginfjárlutfall (CAD)	26,7%	25,1%

#### 44. Rammi um eiginfjárbörf

Eiginfjárbörf (e. Economic Capital) er áhættumælikvarði sem notaður er fyrir veigamikla áhættuþætti. Hann mælir óvænt tap og lækkun á virði eða tekjum, sem bankinn þarf að hafa í eigin fé, eigi hann að forðast gjaldþrot. Mælikvarðinn mælir umfang óvænts taps umfram vænt tap. Eiginfjárbörf er skilgreind sem munurinn á óvæntu og væntu tapi þar sem óvænt tap er metið út frá 99,9% öryggismörkum yfir eins árs tímabil.

Tilgangur með ramma um eiginfjárbörf er að gera bankanum kleift að meta hversu mikið eigið fé hann þarfnast til að mæta efnahagslegum áhrifum áhættusamra gjörninga ásamt því að bera saman ólíka áhættuþætti með sambærilegum mælikvarða á áhættu.

Markmiðið með ramma um eiginfjárbörf er að mæla óvænt töp ásamt því að brjóta eiginfjárbörfina niður á ýmsa þætti til að auðvelda skiptingu eiginfjár, setningu áhættumarkna, verðlagningu, áhættuvegið frammistöðumat og áhættuvegna arðsemi.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 44. Rammi um eiginfjárbörf (framhald)

Ramminn nær yfir eftirfarandi áhættuþætti: útlánaáhætta, markaðsáhætta, gjaldeyrisáhætta, rekstraráhætta, samþjöppunaráhætta, vaxtaáhætta utan veltubókar, lagaáhætta og viðskiptaáhætta.

Eftirfarandi er yfirlit yfir hvernig bankinn reiknar eiginfjárbörf sína fyrir þessa áhættuþætti.

#### Útlánaáhætta:

Bankinn notar innra áhættulíkan sem fylgir Basel reglum hvað varðar innri mats aðferð (e. Internal Rating Based (IRB) approach), þ.e. eiginfjárbörf er jöfn eiginfjárröfu IRB aðferðarinnar í regluverki Evrópusambandsins um eiginfjárbörf. Aðal inntök líkansins eru líkur á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD) og áhættuskuldbinding við vanefnd (EAD).

#### Markaðsáhætta:

Eiginfjárbörf vegna vaxtaáhættu í veltubók er reiknuð samkvæmt staðalaðferð Basel regluverksins, þ.e. eiginfjárbörf bankans vegna vaxtaáhættu er jöfn lágmarkseiginfjárbindingu vegna vaxtaáhættu í veltubók. Eiginfjárbörf vegna hlutabréfaáhættu samstæðunnar er hinsvegar reiknuð með því að notast við neðangreindar áhættuvigtir:

- 290% (2012:150%) fyrir stöður í skráðum hlutabréfum,
- 370% (2012:150%) fyrir aðrar hlutabréfastöður.

#### Gjaldeyrisáhætta:

VaR líkan er notað til að reikna eiginfjárbörf fyrir gjaldeyrisáhættu. Eiginfjárbörf er samanlagt árlegt VaR sem er fengið með því að skala eins dags VaR gildið og Stressed VaR með 99,9% öryggisbili, reiknað samkvæmt tilmælum í Basel staðlinum. Stressed VaR er reiknað út frá verstu niðurstöðu undanfarinna 250 bankadaga. Eiginfjárbörf vegna gjaldeyrisáhættu jafngildir summu tveggja eins árs 99% VaR mælinga.

#### Samþjöppunaráhætta:

Eiginfjárbörf fyrir lántakasamþjöppunaráhættu er reiknuð með því að leiðrétta fyrir misleitni í lánasafninu. Þetta er mikilvægt þar sem líkanið sem metur eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu gerir ráð fyrir að lánasafnið sé óendanlega stórt og einsleitt. Þannig er eiginfjárbörf vegna lántakasamþjöppunar viðbót við eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu.

Innra líkan er notað til að mæla viðbótareiginfjárbörf vegna atvinnugreinasamþjöppunar í lánasafninu, þ.e. viðbót vegna samþjöppunaráhættu. Eiginfjárbörf er fengið með því að mæla aukningu í eiginfjárbörf vegna útlánaáhættu þegar samfylgni vegna samþjöppunar í safni er bætt við.

#### Vaxtaáhætta utan veltubókar:

Bankinn reiknar eiginfjárbörf vegna vaxtaáhættu utan veltubókar sem áætluð markaðsvirðisáhrif á eigið fé bankans vegna flatrar hliðrunar á vaxtaferlum.

#### Rekstraráhætta:

Bankinn notar grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) Basel reglnanna til að reikna eiginfjárbörf vegna rekstraráhættu.

#### Viðskiptaáhætta:

Bankinn notar innra líkan til að reikna eiginfjárbörf vegna viðskiptaáhættu sem leiðir af kvikleika tekjustreymis bankans fyrir hagnað eða tap vegna annarra veigamikilla áhættuþátta.

#### Laga- og stjórnvaldsáhætta:

Eiginfjárbörf er reiknuð sem tap vegna yfirstandandi deilna. Vægi hvers máls er metið eftir kröfufjárhæð og stöðu þess innan dómskerfisins.

### 45. Eiginfjárbörf vegna mismunandi áhættuþátta

Eiginfjárbörf lækkaði á árinu 2013 sem má að mestu leyti rekja til bættra gæða útlánasafnsins og lægra mati á eiginfjárbörf vegna laga- og stjórnvaldsáhættu. Markaðsáhætta hefur hækkað mikið vegna hærri áhættuvogar á hlutabréf. Útlánaáhætta er veigamesta áhætta bankans og dró nokkuð úr henni á árinu 2013.

Eiginfjárbörf	2013	2012
Útlánaáhætta - Lán til viðskiptavina og lánastofnana	63.770	68.764
Útlánaáhætta - Aðrar eignir	4.379	5.041
Markaðsáhætta	12.124	5.865
Gjaldeyrisáhætta	2.728	3.676
Rekstraráhætta	8.360	8.111
Lánatakasamþjöppun	7.736	8.099
Geirasamþjöppun	3.175	2.710
Vaxtaáhætta	9.925	10.688
Viðskiptaáhætta	4.180	4.056
Laga- og stjórnvaldsáhætta	5.711	18.913
<b>Samtals eiginfjárbörf</b>	<b>122.088</b>	<b>135.923</b>
(Eiginfjárbörf / Áhættugrunni)	13,7%	15,5%

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 45. Eiginfjárbörf vegna mismunuandi áhættuþátta (framhald)

Útlánaáhætta 31. desember 2013	Vegið meðaltal		Áhættuskuldbinding (EAD)	Eiginfjárbörf (EC)
	Líkur á vanefndum (PD)	Tap að gefnum vanefndum (LGD)		
Fjármálafyrirtæki	0,2%	45,0%	59.820	1.421
Opinberir aðilar	0,9%	45,4%	15.842	553
Einstaklingar	4,4%	33,0%	243.616	8.690
Fyrirtæki	5,5%	44,8%	603.202	53.107
<b>Samtals</b>	<b>4,7%</b>	<b>41,7%</b>	<b>922.480</b>	<b>63.771</b>

Útlánaáhætta 31. desember 2012	Vegið meðaltal		Áhættuskuldbinding (EAD)	Eiginfjárbörf (EC)
	Líkur á vanefndum (PD)	Tap að gefnum vanefndum (LGD)		
Fjármálafyrirtæki	1,5%	45,0%	58.357	2.716
Opinberir aðilar	1,2%	44,9%	26.277	1.687
Einstaklingar	2,7%	33,2%	214.516	8.078
Fyrirtæki	6,0%	44,0%	527.410	56.283
<b>Samtals</b>	<b>4,6%</b>	<b>41,3%</b>	<b>826.560</b>	<b>68.764</b>

## Áhættustýring

### 46. Áhættustýringarrámmi

Stjórnskipulag áhættustjórnunar samstæðunnar í árslok 2013 er sem hér segir:

Eftirlit bankaráðs	Bankaráð					
	Innri endurskoðun, Endurskoðunar - og áhættunefnd, Starfskjaranefnd, Framtíðarnefnd					
Helstu stjórnunareiningar og nefndir	Bankastjóri					
	Framkvæmdastjórn					
	Áhættu- og fjármálanefnd					
	Lánanefnd					
	Öryggisnefnd					
Tegundir áhættu	Regluvörslu-áhætta	Útlána-áhætta	Markaðs-áhætta	Rekstrar-áhætta	Lausafjár-áhætta	

Bankaráð ber ábyrgð á móttun og eftirliti með almennri áhættustjórnunarstefnu samstæðunnar og setningu áhættuvilja og áhættumarka. Bankastjóri er ábyrgur fyrir árangursríkri innleiðingu áhættustjórnunarstefnu og áhættuvilja í gegnum stjórnskipulag og nefndir. Bankastjóri hefur sett á stofn og á sæti í Áhættu- og fjármálanefnd, Lánanefnd og Framkvæmdastjórn.

Lánanefnd fjallar um útlánaáhættu, bæði útlánamörk einstakra viðskiptavina og útlánareglur bankans, en Áhættu- og fjármálanefnd fjallar aðallega um markaðsáhættu, lausafjáráhættu, rekstraráhættu og lagaáhættu. Áhættu- og fjármálanefnd fylgist með allri áhættu bankans og ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við áhættuvilja og áhættumörk bankans. Að auki sér nefndin um að yfirfara og samþykkja allar breytingar á áhættulíkönun áður en þær eru lagðar fyrir bankaráð. Fundir framkvæmdastjórnar eru samráðsvettvangur bankastjóra og framkvæmdastjóra þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi í málefnum hvers sviðs. Framkvæmdastjórn tekur allar helstu ákvarðanir sem ekki er fjallað um á öðrum vettvangi eða í öðrum fastanefndum. Öryggisnefnd er vettvangur fyrir umræðu og ákvarðanatöku varðandi upplýsingaöryggi, öryggi starfsfólks, ábyrgð sérstakra öryggisþátta og viðbragðsáætlanir samstæðunnar.

#### Áhættustýring

Áhættustýring ber ábyrgð á virkni áhættustjórnunarumgjörð bankans. Dótturfélög bankans hafa eigin áhættustýringareiningar en Áhættustýring fær upplýsingar um áhættuskuldbindingar frá dótturfélagunum og safnar þeim saman inn í áhættuskuldbindingar samstæðunnar.

Undir Áhættustýringarvið heyrir fimm deildir.

- Útlánastýring ber ábyrgð á mati á áhættu í lánveitingum sem eru umfram útlánaheimildir viðskiptaeyninga og í lánsbeidnum vegna viðskiptavina sem flokkaðir hafa verið gulir, appelsínugulir eða rauðir í vaktkerfi útlána. Útlánastýring staðfestir útlánaákvæðanir viðskiptaeyninga vegna framangreindra aðila og fer jafnframt með neitunarvald í sömu málum. Málum sem eru umfram staðfestingarheimildir Útlánstýringar er vísað til Lánanefndar.

- Útlánaeftirlit ber ábyrgð á eftirliti með útlánaáhættu. Deildin styðst við vöktunarkerfi sem flokkar viðskiptavinum og færir milli flokka í samræmi við fjárhagslegan styrk þeirra. Deildin ber einnig ábyrgð á þróun og framkvæmd virðismats á lánasafni bankans og afskriftarferli hans. Þar að auki vinnur deildin með öðrum að greiningu á stórum áhættuskuldbindingum og virðisýrnum.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 46. Áhættustýringarrámmi (framhald)

· Markaðsáhætta hefur umsjón með greiningu, mælingu og eftirliti með markaðsáhættu, lausafjárahættu og vaxtaáhættu bankabókar bankans. Markaðsáhætta ber einnig ábyrgð á eftirliti með afleiðuviðskiptum bankans, bæði með tilliti til varna og viðskipta. Markaðsáhætta veitir upplýsingar um þróun þessara áhættuþátta, bæði innan banka og utan og framkvæmir reglulega áhættumælingar með hliðsjón af áhættuvilja. Markaðsáhætta sinnir ennfremur eftirliti með verðbréfasjóðum í rekstri Landsbréfa og lífeyrissjóðum í stýringu Eignastýringar. Deildin fer einnig með eftirlit með gjaldeyrisjófnuði bankans og verðbréfasjóðum í rekstri innan bankans. Deildin ber ennfremur ábyrgð á skýrslugjöf þessara áhættuþátta til ýmissa deilda og nefnda.

· Rekstraráhætta ber að tryggja að rekstraráhætta í starfsemi sé þekkt og að bankinn innleiði, framfylgi og viðhaldi skilvirkum aðferðum við stýringu á rekstraráhættu.

· Hlutverk Líkana og greiningar er að viðhalda og þróa innri líkön bankans og tengd ferli til að mæla áhættu, þ.m.t. að meta eiginfjárbörf og styðja við innleiðingu líkana og ferla innan bankans. Deildin ber einnig ábyrgð á greiningu og skýrslugjöf um útlánaáhættu, eiginfjárbörf og áhættuvilja innan bankans og til eftirlitsaðila.

Regluvarsla hefur eftirlit með því að innri reglum bankans um verðbréfa- og innherjaviðskipti sé framfylgt og að starfsemi bankans sé í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 67/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og önnur viðeigandi lög og reglur. Regluvarsla fylgist einnig með því að bankinn starfi í samræmi við siðareglur og reglur um markaðsmisnotkun, lágmörkun hagsmunaárekstra og bestu starfshætti. Regluvarsla er ein af stöðdeildum bankans og er hluti af fyrirtækjamenningu hans.

Innri endurskoðun er hluti af áhættustýringarramma bankans auk þess að vera þáttur í eftirlitskerfi hans. Markmið Innri endurskoðunar er að staðfesta að innra eftirlitskerfi bankans, þar með talið að áhættustjórnun sé fullnægjandi og virk. Skilvirkni áhættustýringar og áhættustýringarferla samstæðunnar, þ.m.t. ICAAP ferlið, er metin af Innri endurskoðun sem skilar niðurstöðum til bankaráðs. Starfsemi Innri endurskoðunar tekur til allra starfseininga, einnig dótturfélag; bankans.

### 47. Áhættuvilji

Á árinu 2013 var áhættuvilji samstæðunnar endurskoðaður, endurbættur og innleiddur fyrir árið 2014. Yfirlýsing um áhættuvilja samstæðunnar er:

Stefna Landsbankans er að taka aðeins áhættu sem hann skilur, getur metið og mætt. Bankinn stefnir að því að vera metinn til jafns við bestu banka á Norðurlöndum í sambærilegum rekstri.

Bankinn leitast við að viðhalda traustum viðskiptasamböndum. Hann mun nýta tækifæri á mörkuðum til að tryggja dreifða og trausta fjármögnun. Bankinn forðast að tengjast viðskiptum sem geta skaðað orðspor hans.

Bankinn stofnar til viðskipta með það að markmiði að takmarka sveiflur í starfsemi sinni og að vera ávallt í stakk búinn til að standast áföll. Viðskipti bankans taki mið af stöðu bankans og viðskiptavina hverju sinni svo og mögulegra innbyrðis tengsla þeirra. Arðsemi bankans skal metin út frá áhættu í rekstri. Fyrirtækjamenning Landsbankans einkennist af faglegum vinnubrögðum og ferlum sem styðja við áhættustefnu hans.

Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á eftirliti og stjórnun áhættu sem verður til innan þeirra eininga. Ákvarðanir eru teknar að undangenginni ítarlegri og faglegri umræðu um helstu kosti með langtíma hagsmuni bankans að leiðarljósi. Öflug eftirfylgni með ákvörðunum og vöktun áhættu er samofin allri starfsemi bankans.

### 48. Áhættumat

Áhætta er eðlislæg í starfsemi bankans og er henni stýrt með samfelldri greiningu, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum eftirlitsþáttum. Áhættugreining felst í að greina uppruna og gerð hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi bankans. Áhættumæling felur í sér viðeigandi mælingu á greindum áhættuþáttum til að hægt sé að stýra og fylgjast með þeim. Síðast en ekki síst tryggir áhættueftirlit fylgni við reglur og ferla og samræmi við áhættuvilja samstæðunnar.

Markmið áhættureglna og ferla bankans er að tryggja að áhætta í rekstri hans sé þekkt, greind, mæld og vöktuð og að henni sé stýrt með virkum hætti. Áhættu er stýrt þannig að tryggj sé að hún haldist innan þeirra marka sem bankinn hefur sett sér, áhættuvilja samstæðunnar og þannig að hún samræmist kröfum eftirlitsaðila. Til að tryggja að flökt sem getur haft áhrif á eigið fé og afkomu bankans sé takmarkað og viðráðanlegt hefur bankinn innleitt ýmsar reglur varðandi uppbyggingu áhættu í eignasafni sínu sem er nánar skýrt frá undir hverri áhættutegund.

## Skýringar við samstæðuársreikning

### 48. Áhættumat (framhald)

Áhættustefnu er framfylgt með markmiðasetningu, viðskiptastefnu, innri reglum og áhættumörkum sem uppfylla regluverk fjármálamarkaða.

Samstæðan stendur frammi fyrir eftirfarandi mikilvægum áhættum vegna fjármálagerna:

- Útlánaáhætta
- Markaðsáhætta
  - Gjaldeyrisáhætta
  - Vaxtaáhætta
  - Önnur markaðsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Rekstraráhætta

Taflan hér að neðan sýnir hvernig áhættu hver viðskiptaeyning samstæðunnar stendur frammi fyrir. Vægi hvers áhættuþáttar er metið í samhengi við heildaráhættu samstæðunnar sem byggist á dreifingu lögbundins eiginfjár innan samstæðunnar.

Áhættuþættir	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Fjárstýring
Útlánaáhætta	Mikil	Mikil	e/v	Lítill
Rekstraráhætta	Miðlungs	Miðlungs	Mikil	Miðlungs
Markaðsáhætta	Lítill	Lítill	Miðlungs	Mikil
Lausafjáraáhætta	e/v	e/v	e/v	Mikil

Samstæðan skoðar einnig aðra viðeigandi áhættuþætti, svo sem viðskiptaáhættu og laga- og stjórnvaldsáhættu.

Fjallað er um ofangreindar mikilvægar áhættur í skýringunum hér á eftir.

### Útlánaáhætta

#### 49. Greining útlánaáhættu

Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á að aðili að fjármálagjöringi verði fyrir fjárhagslegu tjóni standi mótaðili ekki við skuldbindingar sínar.

Starfsemi samstæðunnar getur leitt til áhættu við uppgjör viðskipta. Uppgjörsáhætta er áhættan á að uppgjör fari ekki fram eins og til var ætlast og mótaðili greiði ekki eða afhendi ekki eign á réttum tíma samkvæmt samningi.

Útlánaáhætta er stærsta einstaka áhættan sem bankinn stendur frammi fyrir og hún verður aðallega til vegna útlána og krafna á viðskiptavini og fjárfestinga í skuldabréfum, en einnig vegna lánsloforða, bankaábyrgða og skjalaábyrgða, mótaðilaáhættu í afleiðuviðskiptum og uppgjörsáhættu.

#### 50. Mat á útlánaáhættu

Útlánaáhætta er metin út frá þremur meginþáttum, líkum á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD) og áhættuskuldbindingum. Í þeim tilgangi að mæla líkur á vanefndum hefur bankinn þróað innramatskerfi auk nokkurra innri lánshæfismatslíkana. Markmið með lánshæfismatslíkonum er að veita gott mat á eiginleikum lántakenda, skilvirkan mælikvarða á mismunandi gæðum útlána og nákvæmt, samræmt mat á áhættu, svo sem líkum á vanefndum. Innri lánshæfiseinkunnir bankans og líkur á vanefndum gegna mikilvægu hlutverki í áhættustjórnun og ákvarðanatökufæri, í almennri ákvarðanatöku um útlán og hlutverkaskiptingu í stjórnskipulagi.

Lánshæfismatskerfið flokkar lántakendur eftir ákveðnum einkunnakvarða sem endurspeglar áhættuna á að lántakendur fari í vanefnd, þ.e. gæði útlánanna. Einkunnakvarðinn fyrir lántakendur sem ekki hafa farið í vanefnd nær frá 1 upp í 10. Einkunnin 10 gefur til kynna mestu gæði útlána og einkunnina 0 fá lántakendur sem farið hafa í vanefnd. Úthlutun lánshæfiseinkunnna er studd af lánshæfismatslíkonum sem tekur m.a. tillit til upplýsinga eins og atvinnugreinaflokkunar, fjárhagsupplýsinga og greiðsluhegðunar.

Eftirfarandi tafla sýnir innri vörpun frá innri lánshæfiseinkunnum í lánshæfiseinkunnir S&P:

Innri lánshæfiseinkunnir	S&P	Neðri mörk	Efri mörk
10	AAA/AA+/AA/AA-	0,00%	0,04%
9	A+/A/A-	0,04%	0,10%
8	BBB+	0,10%	0,21%
7	BBB/BBB-	0,21%	0,46%
6	BB+/BB	0,46%	0,99%
5	BB-	0,99%	2,13%
4	B+	2,13%	4,54%
3	B	4,54%	9,39%
2	B-	9,39%	18,42%
1	CCC/C	18,42%	99,99%
0	D	í vanskilum	í vanskilum



## Skýringar við samstæðuársreikning

### 50. Mat á útlánaáættu (framhald)

Úthlutun lánehæfiseinkunnar og samþykkt er samofin útlánaferlinu og er einkunnin endurskoðuð og uppfærð árlega hið minnsta eða þegar mikilvægar upplýsingar um lántakanda eða útlán berast, hvort sem fyrir gerist.

Bankinn innleiddi á árinu 2013 nýtt lánehæfislíkan einstaklinga. Nokkur breyting er á einkunnadreifingu samanborið við eldra líkan. Aðskilnaðarstyrkur (e. discriminatory power) nýja líkansins er mun hærri en lágmarkskrafa Basel II regluverksins um aðskilnaðarstyrk upp á 0,5. Jafnframt er nýja líkanið vel kvarðar, þ.e. líkur á vanefndum í hverri lánehæfiseinkunn eru jafnar raunverulegu vanefndarhlutfalli að teknu tilliti til eðlilegra skekkjumarka.

Tap að gefnum vanefndum (LGD) er mælt með líkönum samkvæmt ramma Basel um útreikning eiginfjárþarfar. Þar að auki hefur bankinn innleitt innra líkan fyrir tap að gefnum vanefndum sem tekur tillit til fleiri tegunda trygginga auk þess sem það er næmara fyrir veðstöðu en ofangreint Basel líkan.

Áhættuskuldbinding er reiknuð með breytingastuðli útlána samkvæmt Basel ramma.

### 51. Eftirlit með Útlánaáættu

Samstæðan fylgist með lánþegum til að greina eins fljótt og auðið er merki um veikleika í fjárhagsstöðu þeirra sem hefur neikvæð áhrif á tekjur og lausafjárstöðu þeirra.

Til viðbótar við lánehæfiseinkunnir notar bankinn eftirlitskerfi sem flokkar í fjóra útlánaáættuflokka (grænn, gulur, appelsínugulur og rauður). Flokkunarkerfið er eftirfarandi:

